

þykir þetta ekki eiga að leiða til þeirrar ályktunar, að hann hafi fyrirgert rétti sínum til að bera fyrir sig ólögmæti gjalddtökuunnar.

Samkvæmt þessum málalokum þykir stefnandi hafa átt að greiða 1.438.145 krónur í gatnagerðargjald. Hann hefur greitt 1.716.000 og þannig ofgreitt 277.855 krónur, sem stefnda þykir bera að endurgreiða með vöxtum og kostnaði samkvæmt ofangreindum rökum.

Málkostnaður ákveðst með vísan til c liðs 1. mgr. 5. gr. lágmarksgjaldskrár Lögmannafélags Íslands 150.000 krónur.

Steingrímur Gautur Kristjánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði, greiði f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar stefnanda, Benedikt Guðbjartssyni, 277.855 krónur með 19% ársvöxtum frá 11. júlí 1978 til greiðsludags og 150.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 26. apríl 1982.

Nr. 27/1979. **Dvalarheimilið Lundur sem einkaerfingi í dánarbúi Magnúsar Jóhannessonar**
(Skúli Pálsson hrl.)

gegn
sýslunefnd Árnassýslu f. h. sýslufélagsins
og
Landvernd, landgræðslu- og náttúru-
verndarsamtökum Íslands.

Gjafabréf. Krafa um riftun. Ömerking ummæla. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Björns Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús P. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. febrúar 1979, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 23. janúar 1979. Hann gerir þær dómkröfur „aðallega, að rift verði gjafagerningi, dags. 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi sannanlega lagt jörðinni til góða, að mati úttektarmanns, en til vara, að kröfurnar nái aðeins til Öndverðarness II.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en þeir höfðu gjafvörn í héraði og fengu gjafvörn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 3. nóvember 1980.

Sækjandi máls þessa í héraði, Magnús Jóhannesson, andaðist 17. desember 1980. Með erfðaskrá, dags. 13. september 1978, arfleiddi hann Dvalarheimilið Lund, Hellu í Rangárvallasýslu, að öllum eigum sínum. Hefur dánarbú hans verið afhent dvalarheimilinu til einkaskipta, og það hefur tekið við málsaðild fyrir Hæstarétti sem einkaerfingi, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Fyrir Hæstarétti hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Með bréfum, dags. 20. september 1978 tilkynntu Magnús Jóhannesson og stjórn Dvalarheimilisins Lundar stefndu, að Magnús hefði óskað eftir því við stjórnina, að hún samþykkti, að stjórnin tilnefndi framvegis í hans stað fulltrúa í stjórnarnefnd vegna Alviðru og Öndverðarness II samkvæmt gjafaþréfi hans. Hefði stjórnin kjörið til þess nafngreindan mann. Með bréfi til stefndu, rituðu í nóvember 1980, tilkynnti Magnús þeim enn fremur, að það væri vilji sinn, að eftir sinn dag skyldi sú skipan haldast, að stjórn dvalarheimilisins nefndi til þriðja manninn í stjórnarnefndina, ef svo færi, að stefndu ættu hlut að henni, eftir að dómsmál þetta hefði verið til lykta leitt. Síðastgreindri ákvörðun mótmæltu fulltrúar

stefndu í nefndinni með bréfi 29. janúar 1981 og lýstu yfir því, að þeir teldu engar forsendur vera fyrir afskiptum stjórnar dvalarheimilisins af málefnum stórnarnefndarinnar. Mundu þeir sinna málefnum Alviðru í samræmi við ákvæði gjafabréfsins, uns skipulagsskrá hefði verið sett, án nokkurs tillits til þess, sem sagði í bréfi Magnúsar um aðild stjórnar dvalarheimilisins að stjórnarnefndinni.

Eftir þetta hafa stefndu samþykkt að koma á fót sérstakri stofnun fyrir gjöf Magnúsar, er nefnd verði ALVIÐRA, landgræðslu og náttúruverndarstofnun. Var skipulagsskrá fyrir stofnun þessa samþykkt af sýslunefnd Árnessýslu 2. september 1981, en af stjórn Landverndar 14. desember s. á. Er í skipulagsskránni kveðið svo á, að auk fulltrúa nefndra aðilja skuli skógræktarstjóri eiga sæti í stjórn stofnunarinnar sem þriðji stjórnarmaður.

Með byggingarbréfi 9. júní 1980 seldu stefndu Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru á leigu til fimm ára „til tilrauna og rannsókna á gróðri með tilliti til landverndar“, eins og segir í 5. gr. byggingarbréfsins.

Fyrir Hæstarétti heldur áfrýjandi því ekki fram, að meta beri gjafagerning Magnúsar Jóhannessonar ógildan frá upphafi, hvorki samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, 7. gr. laga nr. 58/1960 né öðrum ákvæðum laga. Er kröfugerð hans hér fyrir dómi alfarið á því reist, að veigamiklar forsendur Magnúsar fyrir gjöf hans hafi brostið, eftir að gjafagerningurinn var gerður, og sé gjöfin af þeim ástæðum afturtæk. Bendir áfrýjandi því til stuðnings á eftirfarandi:

Í fyrsta lagi hafi stefndu aldrei byggt jörðina Alviðru á leigu til búrekstrar, svo sem verið hafi vilji Magnúsar, eða neina tilraun til þess gert. Hafi jörðin nú raunar verið leigð aðilja, sem engan búskap stundi.

Í öðru lagi hafi stefndu ekki komið því til leiðar, að leyfi rétttra aðilja fengist til að veiða mætti á fjórar stengur fyrir landi Alviðru og Öndverðarhness II. Hafi þetta þó verið ótvíráð forsenda Magnúsar fyrir gjöf hans.

Í þriðja lagi er því haldið fram, að orðið hafi á því óhæfilegur dráttur, að sett yrði skipulagsskrá um gjöf Magnúsar,

svo sem skylt hafi verið eftir gjafabréfi hans. Loks er það var gert, hafi ekki verið farið að vilja hans um nýtingu og meðferð jarðeignanna eða um val þriðja manns til að sitja í stjórnarnefnd fyrir þær ásamt fulltrúum stefndu.

Um hina fyrsttöldu ástæðu áfrýjanda fyrir riftunarkröf-unni skal tekið fram, að ekki verður annað séð en að sú ráð-stöfun stefndu að leigja Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru, samrýmis meginþilgangi Magnúsar með gjöf hans, eins og honum er lýst í 1. tl. gjafabréfs hans. Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður ekki fallist á þau málsrök áfrýjanda fyrir kröfum sínum, sem hér ræðir um.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að stefndu hafi ekki skuldbundið sig gagnvart Magnúsi til að afla leyfis til að hafa mætti fjórar veiðistengur fyrir landi Alviðru og Öndverðarness II. Til þess hafi hins vegar verið ætlast af beggja hálfu, að stefndu ynnu að því eftir föngum, að slíkt leyfi fengist. Er tilraunir stefndu til að fá þessu framgengt báru ekki árangur, heimilaði það ekki Magnúsi að rifta gjöf sinni, og það þeim mun síður sem gögn málsins benda til þess, að stefndu hafi verið reiðubúnir til þess við þau mála-lok að taka veiðiréttinn í sínar hendur, en greiða Magnúsi fé, sem svaraði til leigu eftir fjórar stengur. Er því ekki heldur hald í þessari ástæðu fyrir riftunarkröfunni.

Í 3. gr. skipulagsskrár fyrir ALVIÐRU, landgræðslu- og náttúruverndarstofnun, segir, að tilgangur þeirrar stofnunar sé sá að varðveita jarðirnar Alviðru og Öndverðanres II sam-felldar með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið í huga. Svo sem tilgangi gefanda með gjöfinni er lýst í 1. tl. gjafa-bréfsins, þykir skipulagsskráin að þessu leyti ekki brjóta gegn gjafabréfinu. Þá verður ekki talið, að dráttur sá, er varð á setningu skipulagsskrár, hafi verið slíkur, að hann hafi heimilað Magnúsi Jóhannessyni að rifta gjöf sinni, enda verður að ætla, að þann drátt hafi að verulegu leyti mátt rekja til þess, að stefndu hafi talið rétt að biða með setningu skipulagsskrárinnar, uns Magnús hefði gert tillögur um það, hver taka skyldi sæti hans í Alviðrunefnd, er hans nyti ekki

lengur við. Ekki verður riftunarkrafan heldur tekin til greina af þeirri ástæðu, að við gerð skipulagsskrár þeirrar, sem stefndu hafa nú samþykkt, hafi þeir ekki farið að vilja Magnúsar um stjórnarnefndarmann, eins og hann kom fram í bréfi til stefndu í nóvember 1980, enda verður ekki séð, að stefndu hafi verið skylt að hlíta ákvörðun Magnúsar í því efni.

Samkvæmt öllu því, sem nú hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sýknu hinna stefndu af kröfum áfrýjanda í máli þessu. Þá ber og með skírskotun til forsendna dómsins að staðfesta ákvæði hans um ómerkingu ummæla svo og um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnarkostnaður stefndu, sýslunefndar Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Eins og greinir í dómi meiri hluta dómenda Hæstaréttar, er aðalkröfu stefnanda í héraði um, að meta beri ógildan gjafagerning Magnúsar Jóhannessonar, ekki haldið til streitu fyrir Hæstarétti. Kemur sú kröfugerð því eigi til álita, en við mat gildis framburða aðilja og fyrirsvarsmanna aðilja er

rétt að hafa í huga, hvernig gjafagerningur sá, sem mál þetta er risið út af, er til orðinn.

Riftunarkröfu sína fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi á því, að eftirgreind atriði hafi verið afgerandi forsendur þess, að gefandi féllst á tillögu Páls Hallgrímssonar sýslumanns um, að hann gæfi eignarjarðir sínar Alviðru og Öndverðarnes II:

1. Að jörðin Alviðra yrði áfram setin sem bújörð,
2. að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu veiðistönginni fyrir löndum jarðanna, en gefandi áskildi sér tekjur af allri veiði áfram, eftir að hann kynni að afhenda jarðirnar, og
3. að gerð yrði skipulagsskrá um eignirnar, þar sem m. a. yrði ákveðið, hvernig þriðji nefndarmaðurinn í svokallaðri Alviðrunefnd yrði tilnefndur að gefanda frágengnum.

Áfrýjandi kveður stefndu með öllu hafa gengið gegn vilja gefanda um öll þessi atriði og sé því riftun gjafagerningsins heimil.

I.

Svo sem í héraðsdómi greinir, segir ekki berum orðum í gjafabréfinu, að byggja skuli jörðina samkvæmt ábúðarlögum, til þess að þar verði stundaður hefðbundinn búskapur, heldur aðeins, að búseta og búskapur sé gefanda geðfelldur og að hans dómi æskilegur.

Í aðiljaskýrslu sinni segir Magnús Jóhannesson, að ástæða þess, að hann lét jarðirnar af hendi við aðilja þá, sem Páll Hallgrímsson sýslumaður tiltók, hafi verið sú, að hann vildi láta halda þessu saman sem bújörð áfram og að þar væri búið venjulegum búskap. Orðalag gjafabréfsins sé ekki frá sér komið, heldur Páli Hallgrímssyni, sem hafi boðið fram, að hann setti skilyrði fyrir gjöfinni, en síðan aflagað það allt, er samningurinn var orðaður.

Í aðiljaskýrslu Páls Hallgrímssonar sýslumanns kemur fram, að hann hafi heyrt, að fast væri gengið að Magnúsi bónda að láta jarðirnar af hendi, jafnvel að honum hafi verið færð skilaboð úr öðrum heimi. Jafnframt því sem sýslumanninum hafi verið forvitni á að vita, hvað hæft væri í þessu.

hafi honum verið ofar í huga að kanna, „hvort Magnús vildi ekki gera ráðstafanir til þess, að jarðirnar yrðu varðveittar eftir hans dag, óskertar frá því sem þær þá voru, og án þess að hann slepti nokkrum öðrum yfirráðarétti þeirra eða arði fyrr en honum sjálfum sýndist“. Um þetta kvaðst sýslumaðurinn hafa spurt berum orðum og jafnframt látið í ljós, „að sjálfum mér þætti raunalegt til þess að hugsa, ef Alviðran með Öndverðarnesi og Soginu ættu eftir að sundrast meðal útarfa hans og síðan enn annarra óviðkomandi.“

Er Páll Hallgrímsson sýslumaður gaf skýrslu fyrir dómi, skýrði hann frá því, að í fyrsta viðtali hans og Magnúsar bónda, sem að framan greinir, hafi komið til umræðu, hverjir gætu hugsanlega orðið gjafþegar, og hafi þá komið til tals sýslufélag Árnessýslu, Búnaðarfélag Árnessýslu, Selfosshreppur, „... og mætti sagðist telja víst, en sagðist ekki muna það með vissu, að Landvernd hefði verið nefnd og jafnvel Náttúruverndarráð. Þeir hafi hallast að því, að sýslufélagið yrði gjafþegi, þar sem jarðirnar lægju í hjarta sýslunnar og ekki óeðlilegt, að sýslufélagið léti eitthvað fjármagn af hendi rakna til þeirra“. Þá kemur einnig fram í aðilja-skýrslu sýslumanns, að hann geri ráð fyrir því, „að hann hafi orðið Magnúsi fyrri til að nefna Landvernd sem hugsanlegan gjafþega, en strax í fyrsta uppkasti gjafabréfsins hafi Landvernd og Árnessýsla verið gjafþegarnir og hafi aðrir ekki komið til greina í því sambandi eftir gerð fyrsta uppkastsins“.

Af samanburði framburða þeirra gefandans og Páls Hallgrímssonar þykir mega leggja til grundvallar þann skilning gefandans, að hann ætlaðist til þess, að jörðin yrði setin sem bújörð, svo sem verið hefði, en ástæða til gjafarinnar hafi verið sú, að gefandi vildi hindra það, að jörðin eða jarðirnar sundruðust, er ótítekinn fjöldi erfingja hefði eignast þær eða útarfar, eins og sýslumaðurinn orðaði það við gefanda. Í orðin „búseta og búskapur ... geðfelldur og að mínum dómi æskilegur“ þykir ljóst, að hinn aldurhnigni búandmaður, gefandinn Magnús Jóhannesson, hafi lagt þann skilning, að þar væri um búskap að ræða á þá vísu, sem hann þekkti, en ekki einhverja aðra hluti, sem hann hafði enga þekkingu á, enda

ber að hafa í huga, að skjalið er orðað og samið af oddvita annars gjafþegans, sem einnig gerði tillögu um hinn. Telja verður, að umboðsmönnum beggja gjafþega hafi verið þetta ljóst, enda var framkvæmdastjóri Landverdar í för með sýslumanni, er sýslumaður að eigin sögn átti frumkvæði að gjöfinni, svo sem að framan greinir.

Kemur þá til álita, hvernig gjafþegar hafi haldið skilmála að þessu leyti. Í héraðsdómi er greint frá búsetu Helga Þórarinssonar í Alviðru. Fallast má á ályktanir héraðsdómara um það atriði að öðru leyti en því, að ákvörðun um búsetu Helga hafi ekki verið ranglega tekin. Ákvörðun var tekin af umboðsmönnum gjafþeganna, og þeir bera ábyrgð á henni. Af skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að gjafþegarnir hafa hinn 9. júní 1980 byggt Rannsóknastofnun landbúnaðarins jörðina Alviðru til 5 ára án eftirgjalds, en með því skilyrði m. a., „að jörðin verði notuð til tilrauna og rannsókna á gróðri með tilliti til landverndar“. Ekkert ákvæði er í byggingarbréfinu um veiðirétt eða not hans, nema ákvæði 4. gr. um, að leiguliða sé óheimilt að láta af hendi hlunnindi, nema samþykki landsdrottins komi til. Af endurriti úr fundargerðarbók svokallaðrar Alviðrunefndar frá 16. desember 1981 kemur fram, að ákveðið hafi verið að hefja framkvæmdir á næsta vori og fá starfsmannafélag Rala (mun vera Rannsóknastofnun landbúnaðarins) og Golfklúbbs Selfoss til samstarfs. Fram kom við málflutning fyrir Hæstarétti, að Golfklúbbur Selfoss hafi afnot af túni jarðarinnar Alviðru til notkunar við tómstundagaman félagsmanna, en túnið er nú golfvöllur, og fundargerðin frá 16. desember 1981 bendir eindregið til þess, að þar greint starfsmannafélag eigi að hafa einhver afnot eignarinnar.

Öll meðferð gjafþega á Alviðru, bæði hin samningslausa seta Helga Þórarinssonar og síðari ráðstafanir, afnot túnsins til tómstundagamans kaupstaðarbúa, óljós afnot starfsmannafélags og bygging jarðarinnar til opinberrar stofnunar án eftirgjalds og án þess að vikið sé að verðmætum hlunnindum jarðarinnar, er í fullkominni andstöðu við þann vilja gefanda, sem lesa ber út úr 1. tölulið gjafabréfsins samkvæmt framansögðu og gjafþegum var kunnur. Hafa þeir með því

brotið gegn ákvæðum gjafabréfsins og sjónarmiðum gefanda.

II.

Fallast má á ákvæði héraðsdóms um þá málásástæðu, er varðar útvegum leyfis fyrir fjórðu veiðistönginni.

III.

Í sjöunda lið gjafabréfsins er ákvæði um stjórn eignanna og að setja beri skipulagsskrá fyrir þær, þar sem meðal annars sé ákveðið, hvernig þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndum að gefanda frágengnum.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndu hafi vanrækt skyldu sína samkvæmt þessu ákvæði, en það hafi m. a. verið mikilsvært atriði í huga gefanda að fá ákvæði í skipulagsskrá um eftirmann hans í svokallaðri Alviðrunefnd. Eins og fram kemur í héraðsdómi, héldu stefndu því fram, að það hafi verið Magnúsi Jóhannessyni að kenna, að skiplagsskrá hefði ekki verið gerð.

Af skjölum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að Magnús Jóhannesson óskaði þess í nóvember 1980, að stjórn Dvalarheimilisins Lundar á Hellu í Rangárvallasýslu tilnefndi þriðja mann í nefndina, ef Árnessýsla og Landvernd yrðu aðilar að stjórnun jarðanna Alviðru og Öndverðarness að dæmdu riftunarmáli vegna gjafabréfsins. Rúmu ári seinna gera sýslunefnd Árnessýslu og stjórn Landverndar frumvarp að skipulagsskrá, þar sem skógræktarstjóri ríkisins er ákveðinn sem þriðji maður í Alviðrunefnd, en ekki maður samkvæmt tilnefningu Dvalarheimilisins Lundar, svo sem Magnús Jóhannesson hafði óskað eftir. Var Magnús þá látinn, rétt níráður að aldri. Gjafþegarnir mynduðu meiri hluta svokallaðrar Alviðrunefndar. Formaður nefndarinnar var fulltrúi annars gjafþegans. Sýslumaður Árnessýslu var fulltrúi hins. Ekkert hefur fram komið í málinu, sem renni stoðum undir þá staðhæfingu, að Magnús Jóhannesson hafi þvælst fyrir því, að skipulagsskrá yrði sett. Bera gjafþegarnir því ábyrgð á því, að ekki var svo árum skipti gert frumvarp að skipulagsskrá. Þegar frumvarp var svo loksins samið eftir lát Magnúsar Jóhannessonar, var vilji

hans virtur að vettugi. Höfðu gjafþegar þó í málflutningi sínum fyrir héraðsdómi látið í það skína, að þeim bæri að fara að óskum gefanda um það, hvernig nefndur yrði þriðji maður í stjórnarnefnd fyrir jarðirnar.

IV.

Við móttöku gjafanna skuldbindur Landvernd sig „til þess að fylgja í hvívetna öllum þeim skuldbindingum, sem þér setjið í nefndu gjafabréfi yðar“, og Árnessýsla skuldbindur sig til þess að „hlíta í öllu þeim skilmálum og sjónarmiðum, sem sett eru í bréfi gefandans“.

Vanefndir gjafþega á því að virða skilmála og sjónarmið gefandans, þ. e. að fara að vilja hans um þau mikilsverðu atriði varðandi nýtingu jarðanna og setningu reglna um framtíðarskipan þeirra, sem að framan eru rakin, heimiluðu gefandanum, Magnúsi Jóhannessyni, riftun á gjöfinni.

Hin síðargreinda riftunarástæða varðar báðar jarðirnar, en hin fyrrgreinda að því er virðist aðeins Alviðru. Forsendur eru svo samofnar, að ekki verður af þessari ástæðu skilið á milli jarðanna um riftunarheimild. Ber því að taka til greina aðalkröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti, að rift verði gjafagerningi, dagsettum 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru (í Ölfusi) og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi sannanlega lagt jörðunum til góða að mati úttektarmanna. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og gjafvarnarkostnað. Eftir þessum málsúrslitum og atvikum málsins ber að dæma stefndu til þess að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn 50.000.00 krónur samtals. Allur gjafvarnarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns þeirra fyrir Hæstarétti, 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, sýslunefnd Árnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök

Íslands, skulu þola riftun gjafagernings, dagsetts 1. febrúar 1973, þar sem Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfusi, býður stefndu sameiginlega til eignar jarðirnar Alviðru (í Ölfusi) og Öndverðarnes II í Grímshreppi gegn endurgreiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafa sannanlega lagt jörðunum til góða, að mati úttektarmanna, úr hendi áfrýjanda, Dvalarheimilisins Lundar f. h. dánarbús Magnúsar Jóhannessonar.

Stefndu greiði óskipt málskostnað til áfrýjanda í hér-
aði og fyrir Hæstarétti, samtals 50.000.00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla og gjaf-
varnarkostnað eiga að vera óröskuð.

Allur gjarfvarnarkostnaður stefndu, sýslunefndar Árn-
nessýslu f. h. sýslufélagsins og Landverndar, land-
græðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, fyrir Hæsta-
rétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs
talsmanns þeirra, Páls S. Pálssonar, hæstaréttarlög-
manns, 12.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-
um.

Dómur aukadómþings Árnnessýslu 3. mars 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 11. febrúar sl., er höfðað af
Magnúsi Jóhannessyni, Lambhaga 30, Selfossi, gegn sýslunefnd
Árnnessýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og
náttúruverndarsamtökum Íslands, Skólavörðustíg 25, Reykjavík,
með stefnu, birtri 24. febrúar og 2. mars 1977.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir til að
þola ógildingu, en til vara riftun á gjafabréfi stefnanda, dags. 1.
febrúar 1973. Ógildingin eða riftunin verði heimiluð gegn endur-
greiðslu þess kostnaðar, er stefndu hafi lagt jörðinni Alviðru í
Ölfushreppi til góða að mati úttektarmanna. Enn fremur krefst
stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu að óskiptu að mati
dómsins.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum
kröfum stefnanda og þeim tildæmdur sameiginlega málskostnað-

ur úr hans hendi, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál, en stefndu fengu gjafvörn í máli þessu með gjafvarnarleyfi, dags. 10. febrúar 1978.

Þá krefjast stefndu, að eftirtalin ummæli, viðhöfð af lögmanni stefnanda í greinargerð hans, verði dæmd dauð og ómerk:

„Stefnandi heldur því fram, að Páll Hallgrímsson, sýslumaður, hafi með óheiðarlegum hætti fengið sig til að gefa margnefndar jarðir.“ „Vöktu stefndu með þessu rangar hugmyndir hjá stefnanda, hugmyndir sem áttu verulegan þátt í því, að hann lét tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns.“ „En engar efndir hafa orðið og vísast, að það hafi ekki verið ætlunin, því sýslufundur var daginn eftir, og mun þetta sjónarspil hafa verið í þeim tilgangi, að sýslumaður slyppi frá sýslunefndarmönnum, sem vísast hefðu viljað fá skýringar á þessu máli.“

Svo og ummæli stefnanda málsins í aðiljaskýrslu hans um Pál Hallgrímsson sýslumann:

„Ekki spurði hann (þ. e. Páll Hallgrímsson) hverju átti að svara, hann var því sami Landverndarþjónninn og fyrr og síst sér til sóma.“ „Af öllu því, sem fram hefur komið frá fyrstu tíð og til þessa dags, þá kemur það helst í ljós, að þarna sé um jafnvel fámenna klíku að ræða, sem Páll Hallgrímsson gerðist forystumaður fyrir, og þá helst í sambandi við veiðina, hann geti notað sér þá aðstöðu jafnvel að hafa fría veiði fyrir sig og sína féлага úr Landvernd. Um Árnesinga hugsar hann ekki neitt, nema ná frá þeim peningum handa Hauk til ráðstöfunar. Páll hefur því gerst klíkuforingi nokkurra manna í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og sína vini á kostnað annarra.“

Með úrskurði, uppkveðnum 23. mars 1977, vék hinn reglulegi dómari, Páll Hallgrímsson sýslumaður, sæti. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 3. maí 1977, var undirritaður dómari skipaður setudómari í máli þessu.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem fæddur er 9. desember 1890, var bóndi á jörðunum Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnesi II í Grímsneshreppi í Árnessýslu og átti þær jarðir báðar. Stefnandi á enga skylduerfingja, og með gjafabréfi, undirrituðu 1. febrúar 1973 af stefnanda, gaf hann stefndu báðar jarðirnar.

Gjafabréfið er svohljóðandi:

„G J A F A B R É F

Ég undirritaður, Magnús Jóhannesson, bóndi í Alviðru í Ölfushreppi, leyfi mér hér með að snúa mér til sýslunefndarinnar í

Árnessýslu fyrir hönd sýslufélagsins og Landverndar: Landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands og bjóða þessum aðilum sameiginlega til eignar jarðeignir mínar, Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi, með mannvirkjum öllum, gögnum og gæðum óskertum, eins og þær eru nú í minni eigu, með eftirfarandi takmörkunum og skilmálum:

1. Landeign þessa má ekki skerða, heldur ber að varðveita hana samfellda með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Búseta og búskapur á landi Alviðru, sem samrýmist þessum sjónarmiðum, er mér geðfelldur og að mínum dómi æskilegur. Hins vegar tel ég, að friða beri Öndverðarneslandið fyrir öllu búfjárhaldi, og vil ekki, að það verði skert í neinu, svo sem með leigu lóða undir sumarbústaði.

2. Ég áskil mér persónulega allan afnotarétt af þessum eignum endurgjaldslaust um óákveðinn tíma og mun halda uppi öllum lögskilum af þeim, á meðan ég ekki afhendi viðtakendum þann rétt. — Einnig áskil ég mér búseturétt í Alviðru og nauðsynleg afnot íbúðarhússins að eigin mati, enda þótt ég kynni að afhenda viðtakendum meiri eða minni hluta eignanna að öðru leyti. — Ef ég afhendi eignirnar að hluta, taka viðtakendur við lögskilum í sama hlutfalli.

3. Ef ég kynni að flytja burt frá Alviðru, taka viðtakendur við öllum eignunum, en jafnframt áskil ég mér allan arð af veiðiréttindum jarðanna til æviloka.

4. Öndverðarneslandið liggur allt sunnan þjóðveggar um Grímsnesið. Ég undanþigg þessu gjafatilboði mínu um átta hektara landspildu í norðausturhorni landsins og áskil mér rétt til þess að ákveða legu og lögun hennar síðar. Hafi ég ekki ráðstafað spildu þessari eða hluta af henni, skal hið óráðstafaða falla til viðtakenda eftir minn dag.

5. Ég vænti þess, að við burtför mína frá Alviðru kaupi viðtakendur af mér búvinnuvélar mínar og verkfæri eftir samkomulagi eða sanngjörnu mati.

6. Engar framkvæmdir á jörðunum mega viðtakendur gera án míns samþykkis, á meðan ég á heima í Alviðru. Ég vil ekki, að eignirnar verði veðsettar, enda tel ég, að arður þeirra sé og eigi að verða nægur til þess að varðveita þær í áðurnefndum tilgangi.

7. Ég vil, að eignum þessum verði stjórnað af þriggja manna nefnd og sé einn þeirra tilnefndur af sýslunefndinni og annar af Landvernd, en sjálfur verði ég hinn þriðji, á meðan mér sýnist og endist heilsa til. Nefndin setji eignunum skipulagsskrá, sem

meðal annars ákveði, hvernig þriðji nefndarmaðurinn verði tilnefndur að mér frágengnum.

8. Gjafabréf þetta öðlast fullt gildi sem afsal, ef og þegar það hefir verið áritað af hálfu sýslunefndarinnar og Landverndar, um að þessir aðiljar vilji veita umræddum eignum mínum viðtöku og skuldbindi sig til að varðveita þær til almannaheilla og halda í heiðri framangreindum sjónarmiðum mínum.

Selfossi, 1. febrúar 1973. Magnús Jóhannesson.“

Stefndu samþykktu að veita gjöf þessari viðtöku. Sýslunefnd Árnassýslu samþykkti samhljóða á fundi sínum hinn 15. júní 1973 eftirfarandi: „Sýslunefndin í Árnassýslu hefur móttengið gjafabréf Magnúsar Jóhannessonar, bónda í Alviðru í Ölfushreppi, fyrir jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi II í Grímsnesi. Sýslunefndin lýsir því yfir, að hún þiggur þessa merku og mjög mikilsverðu gjöf Magnúsar Jóhannessonar og þykist mega þakka hana sem best af hálfu allra héraðsbúa. Jafnframt skuldbindur sýslunefndin sig og sýsluna til þess að hlíta í öllu þeim skilmálum og sjónarmiðum, sem sett eru í bréfi gefandans.“

Stjórn Landverndar ritar gjafþega bréf, dags. 5. febrúar 1973, svohlj.: „Stjórn Landverndar, landgræðslu- og náttúruverndarsamtaka Íslands, samþykkti á fundi sínum 2. þ. m. að taka með þökkum á móti hinni rausnarlegu gjöf yðar, jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi II, ásamt gögnum og gæðum og í félagi við Árnassýslu, svo sem greint er í gjafabréfi yðar, dags. 1. þ. m. Jafnframt skuldbindur stjórn Landverndar sig til þess að fylgja í hvívetna öllum þeim skuldbindingum, sem þér setjið í nefndu gjafabréfi yðar.“

Gjafabréfinu er þinglýst 15. desember 1975.

Með bréfi, dags. 16. júlí 1976, riftir stefnandi gjafabréfinu, en stefndu hafna þeirri riftun með bréfi, dags. 27. ágúst 1976, og verður efni þeirra bréfa rakið síðar.

Stefnandi kom fyrir rétt í málinu 27. júní 1977 og skýrði svo frá, að hann hafi flutt að Alviðru árið 1940. Hann hafi búið þar með tengdaföður sínum Árna, sem átt hafi jarðirnar Alviðru og Öndverðarnesi II, þar til hann hafi fallið frá árið 1966, en Margrét kona sín hafi verið eini erfingi hans. Þau hafi haldið áfram búskap, en Margrét hafi andast árið 1968 og hafi hann þá orðið einn eigandi beggja jarðanna og búið áfram á þeim. Alviðra hafi verið í ábúð og eign sömu ættar frá árinu 1792 og hafi sér fundist réttast, að hún yrði það áfram, en ættingjar tengdaföður síns hafi tekið dauflega í að hefja búskap þar, þannig að ekki hafi orðið af

því. Hefði hann ekki verið búinn að taka neina ákvörðun um ráðstöfun jarðanna á þessum tíma.

Um aðdraganda gjafagerningsins skýrði stefnandi svo frá, að nálægt miðjum janúar 1973 hafi Páll Hallgrímsson, sýslumaður í Árnessýslu, komið heim til sín ásamt Hauki Hafstað, framkvæmdastjóra Landverndar. Páll hafi þá beðið sig að gefa Árnessýslu jarðir sínar, sýslubúum til nytja og almenningsheilla. Stefnandi kvaðst ekki hafa svarað þessu strax, en hefði getið sér þess til, að eitthvað mikið hlyti að liggja við fyrir Árnésinga og mundu þeir ætla sér eitthvað mjög sérstakt með jarðirnar. Páll hafi tjáð sér, að hann mætti setja þau skilyrði, sem hann vildi fyrir gjöfinni, þau mundu verða uppfyllt. Stefnandi kvaðst þá hafa sett þrjú skilyrði, fyrsta eitt stangarleyfi í Soginu til viðbótar þeim þremur, sem fyrir voru, annað, að tveir sumarbústaðir, sem eru í landi Öndverðarness II, yrðu látnir hverfa, þ. e. a. s. það fólk, sem þar væri, yrði látið fara, og þriðja, að jörðin Alviðra yrði nytjuð til búskapar, eins og áður hefði verið. Páll hefði enga athugasemd gert við þetta. Haukur Hafstað hafi hlotið að heyra þetta samtal, en hann hafi ekkert sagt.

Eftir einn eða tvo daga hafi Páll komið með samningsuppkast og þá verið einn. Stefnandi kvaðst hafa rennt augum yfir það og þá séð, að Landvernd hafði verið bætt inn í sem gjafþega, án þess að það hefði verið orðað áður. Hann hafi þá spurt Pál, hvers vegna Landvernd þyrfti að vera með, hann vildi heldur, að sýslan væri ein um þetta. Hann hafi á þessum tíma aldrei heyrt minnst á Landvernd og ekki vitað, hvað það var, en hafi gengið út frá því, að gjöfin yrði ætluð sýslunni, svo sem um hefði verið rætt. Páll hefði gefið þá skýringu, að Haukur Hafstað væri vanur bóndi og gott væri að hafa hann með. Stefnandi kvaðst hafa þagað við þessum röksemdum. Hann hafi líka viljað fá í gjafasamninginn þau skilyrði, sem hann hafi sett, þ. e. a. s. þau þrjú skilyrði, sem að framan greinir, en því hafi Páll neitað og sagt, að þau kæmu í reglugerð, sem yrði sett um gjöfina.

Hinn 1. febrúar 1973 hafi verið sendur maður eftir sér að Alviðru til þess að undirrita gjafabréfið að Þóristúni 1 á Selfossi. Stefnandi kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði verið látinn vita um þetta, og ekki hefði verið haft samráð við sig um það. Að Þóristúni 1 hafi verið fyrir Páll sýslumaður og Jörundur Brynjólfsson. Stefnandi kvaðst hafa setið við hlið Jörundar og heyrt, að sýslumaður hafi beðið hann að greiða fyrir því, að fjórða stangveiðileyfið fengist, og hefði Jörundur tekið vel í það,

að því leyti sem hann gæti, en Jörundur hefði þá verið formaður Veðifélags Árnesinga. Stefnandi kvað Pál hafa sagt, að hann teldi sig nokkurn veginn ábyrgan fyrir því, að leyfið fengist. Síðan hafi komið fleira fólk, Haukur Hafstað, Hákon Guðmundsson og blaðamenn úr Reykjavík.

Stefnandi kvað vera rangt, að hann hefði nokkru sinni boðið jarðir sínar að gjöf. Sér hafi verið ljóst, að jarðirnar voru mjög verðmætar. Sjálfur hefði hann ekki lagt mat á það, en aðrir telji verðmæti þeirra nema kr. 100—200 milljónum, yrðu þær seldar undir sumarbústaði. Aðalástæða gjafarinnar hafi verið, að hann hafi viljað halda jörðunum saman sem bújörð og á þeim yrði búið venjulegum búskap, líkt og hann hefði rekið sjálfur. Stefndu hafi aflagað allt, sem um hafi verið rætt í þeim samningi, sem gerður hefði verið.

Ástæða þess, að hann hafi sett skilyrði um fjórðu veiðistöngina, hafi verið, að sér hafi þótt veiði fyrir landi jarðanna verið lítið leigð og talið sig tæplega hafa framfærslu af því, sem hann hafi fengið fyrir hana. Stefnandi kvaðst hafa haft hugmynd um, að leyfi fyrir fjórðu stönginni yrði endanlega háð leyfi veiðimálanefndar, en hefði talið, að sýslumaður væri ábyrgur fyrir því, að það fengist, með því að lofa því. Stefnandi kvaðst sjálfur ekki hafa gert tilraunir til þess að losa Öndverðarnes II við þá sumarbústaði, sem eru í landi jarðarinnar, en þó átt í málaferlum út af öðrum þeirra á þessum tíma. Frá eigendum hins bústaðarins hafi komið til sín maður, eftir að gjafabréfið var undirritað, og spurt sig að því, hvort hann gæti eitthvað lagað til fyrir því, að bústaðurinn mætti vera áfram, og kvaðst stefnandi hafa sagt honum, að það gæti hann ekki. Þessi bústaður hafi verið á leigulandi, en leigugreiðslur hafi engar verið.

Stefnandi kvað þetta mál vera hið þriðja, sem hann ætti í um dagana. Sér hefði tvisvar verið stefnt. Hann hefði lítið gert af samningum í búskapartíð sinni, en tengdafaðir sinn hefði talist bóndi, á meðan hann lifði. Þó hefði hann leigt veiðina einu sinni og enn fremur hefði hann látið nokkra bletti undir sumarbústaði, selt eða gefið. Hann taldi sig ekki muna eftir að hafa verið hlunnfarinn í viðskiptum fyrr en nú.

Páll Hallgrímsson sýslumaður kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hefði hann átt einhvern þátt í ákvörðun stefnanda um ráðstöfun jarða sinna, væri um það að segja, að því er sig minnti, að einhvern tíma síðla hausts eða snemma vetrar árið 1972 hefði hann átt leið fram hjá Alviðru og þá ákveðið að heilsa upp á stefn-

anda. Þá hafi sögusagnir heyrst, að fast væri gengið að honum að láta jarðirnar, og hafi sér verið forvitni á að vita, hvað hæft væri í því. Sér hafi þó verið ofar í huga að kanna, hvort stefnandi vildi ekki gera ráðstafanir til þess, að jarðirnar yrðu varðveittar eftir hans dag óskertar frá því sem þær þá voru og án þess að hann slepti nokkrum öðrum yfirráðarétti þeirra eða arði, fyrr en honum sjálfum sýndist. Um þetta hafi hann spurt stefnanda berum orðum og hafi sjálfur jafnframt látið þá skoðun í ljós, að sér þætti raunalegt til þess að hugsa, ef Alviðra með Öndverðarnesi og Soginu ættu eftir að sundrast meðal útarfa hans og síðan annarra óviðkomandi. Stefnandi hafi sagst hafa hugleitt sínar sakir, eitthvað í þessa átt, en ekki tekið neinar ákvarðanir. Hann væri orðinn langleiður á aðgangsfrekju ókunnugs fólks, sem falaði af sér lóðir með ýtni, og væri vel að binda endi á slíkt í eitt skipti fyrir öll. Viðræða þeirra hafi síðan snúist að verulegu leyti um það, hvaða aðili eða aðiljar væru líklegir til að geta og vilja taka eigningar að sér og fullnægja þeim skilyrðum, sem um var rætt og síðan hafi verið sett fram í gjafabréfi stefnanda. Ýmsir aðiljar hafi komið til tals, svo sem sýslufélag Árnessýslu, Búnaðarfélag Árnessýslu, Selfosshreppur hafi verið nefndur á nafn, og sýslumaður sagðist telja víst, en þó ekki muna það með vissu, að Landvernd hafi verið nefnd og jafnvel Náttúruverndarráð. Þeir hafi hallast að því, að sýslufélagið yrði gjafþegi, þar sem jarðirnar lægju í hjarta sýslunnar og ekki óeðlilegt, að sýslufélagið léti eitthvað fjármagn af hendi rakna til þeirra. Sýslumaður sagði, að forsvarsmenn Landverndar hefðu ekki vitað um þessar umræður nema þá Haukur Hafstað, sem verið hefði með sér af tilviljun, en það hefði ekki verið í neinum tengslum við þetta mál. Engu hafi verið slegið föstu um þetta öðru en því, að stefnandi hefði falið sér að gera uppkast að skjali um ráðstöfun jarðanna, sem hann fengi síðan til athugunar og ákvörðunar. Sýslumaður kvaðst hafa ritað fyrsta uppkast að gjafabréfi stefnanda og komið því í hendur hans. Stefnandi hafi haft uppkastið til athugunar um nokkurn tíma, áður en þeir hafi hist í Alviðru til þess að yfirfara það sameiginlega. Við það tækifæri hafi stefnandi bent á nokkur atriði, sem honum hafi þótt mega fara betur, og kvaðst sýslumaður þá hafa farið heim með skjalið og endurritað það með tilliti til ábendinga stefnanda og fært honum það aftur sama dag. Þeir hafi þá yfirfarið skjalið að nýju sameiginlega og þá hafi stefnandi hnotið um eitthvað, sem honum þótti mega laga. Sýslumaður kvaðst þá hafa talið sjálfsagt að endurrita skjalið aftur, gert það

og fært stefnanda. Það hafi verið þriðja gerð uppkastsins að gjafabréfinu og hafi það síðan verið ritað orðrétt eftir því. Sýslumaður kvaðst engum hafa sýnt uppkastið að gjafabréfinu fyrr en í endanlegri gerð og vel geti verið, að þeir stefnandi hafi átt fund um það um miðjan janúar 1973. Sá fundur muni hafa átt sér stað, áður en Hákon Guðmundsson, formaður Landverndar, hafi fengið gjafabréfið í hendur. Stefnandi hafi aldrei sett það skilyrði fyrir gjöfinni, að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni í Soginu. Stefnandi hafi, áður en til undirritunar gjafabréfsins kom, sýnt mikinn áhuga á því að fá fjórðu stöngina, enda hefði hann talið Alviðru vanhaldna, hvað veiðiréttindi snerti. Sýslumaður sagði, að sér hefði virst, að á þessum tíma hafi stefnandi ekki haft eigið fjárhagssjónarmið í huga varðandi veiðiréttinn, heldur velvild í garð þiggjenda gjafarinnar. Sýslumaður sagði það hafa verið samantekin ráð sín og stefnanda að fá Jörund Brynjólfsson, formann veiðifélagsins, til að vera viðstaddan undirritun gjafabréfsins í því skyni að fá hann á þeirra band í þessu máli. Stefnanda hafi þá verið gert ljóst sem fyrr, að ekki væri hægt að lofa því, að fjórða stöngin fengist. Sýslumaður sagði þá málsástæðu stefnanda, að tveir sumarbústaðir í landi Öndverðarness II skyldu fjarlægðir, vera efnislega fjarstæðu, m. a. vegna þess að stefnandi hefði enn ekki afhent Öndverðarness II og því standi það ekki í valdi gjafþega að beita sér fyrir því, að þessir bústaðir verði fjarlægðir. Stefnandi hafi ekki imprað á því við gerð gjafabréfsins, að gjafþegar gengju í það mál, en hann hafi látið í ljós áhuga sinn á því, að þessir sumarbústaðir færu. Sýslumaður kvaðst hafa sent Hákon Guðmundssyni, formanni Landverndar, gjafabréfið í endanlegri gerð, en Hákon muni ekki hafa vitað um það, sem fram hafi komið hjá stefnanda varðandi fjórðu stöngina og sumarbústaðina, þegar hann fékk gjafabréfið í hendur, og varla heldur í það skipti, sem gjafabréfið var undirritað. Sýslumaður kvaðst áreiðanlega ekki hafa rætt neitt við Hákon Guðmundsson um þessi tvö atriði né annað í sambandi við gjafabréfið. Sýslumaður sagði, að samskipti sín við stefnanda á þessum tíma hafi ekki verið mikil, en algerlega lýtalaus að sínu mati. Sýslumaður kvaðst gera ráð fyrir því, að hann hefði orðið Magnúsi fyrri til að nefna Landvernd sem hugsanlegan gjafþega, en strax í fyrsta uppkasti gjafabréfsins hafi Landvernd og Árnessýsla verið gjafþegar og hafi aðrir ekki komið til greina eftir það. Það, sem stefnandi hafi rætt um varðandi búskap í Alviðru, komi fram í gjafabréfinu sjálfu. Afhending Alviðru hafi farið fram samkvæmt tilkynningu

Magnúsar sjálfs og hafi hann ekki gert sérstaka grein fyrir því, af hverju hann afhenti ekki Öndverðarnes II um leið.

Haukur Hafstað, framkvæmdastjóri Landverndar, kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hann hefði verið með Páli sýslumanni í fyrsta skipti sem Páll hafi komið og rætt við stefnanda um Alviðru og Öndverðarnes II, en sagðist ekki minnast þess, að hann hefði lagt neitt til mála. Eftir að upp hafi komið, að Landvernd yrði annar af tveimur gjafþegum, þá hafi hann verið í forsvari, þar til það mál hafði verið afgreitt. Ekki hafi komið til tals, áður en hann hafi farið með Páli sýslumanni heim til stefnanda, að Landvernd yrði gjafþegi, en sig minnti, að það hefði fyrst komið fram í fyrsta uppkasti að gjafbréfinu. Vitnið kvaðst ekki hafa haft nein afskipti af gerð gjafabréfsins. Sín afskipti hafi hafist strax eftir að gjafabréfið var undirritað og þá fyrst og fremst hvað snerti að uppfylla þá ósk Magnúsar að fá fjórðu veiðistöngina.

Fram að þeim tíma, að stefnandi hætti búskap á jörðum sínum, hafi hann engin afskipti haft af þeim, en síðasta veturinn, sem stefnandi hafi búið, hafi hann óskað eftir því, að gjafþegar tækju við búpeningi sínum, þar sem hann hafi verið lasinn og óttast, að hann gæti ekki sinnt honum. Þá hafi verið gerður samningur um kaup á fé stefnanda, en hann hafi aldrei verið undirritaður, því að stefnandi hafi getað sinnt fénu.

Hákon Guðmundsson, formaður Landverndar, kom fyrir rétt og skýrði svo frá, að hann hefði engin afskipti haft af upphafi þess máls, að stefnandi gaf stefndu jarðir sínar, og engan þátt átt í samningu gjafabréfsins. Fyrstu afskipti sín hafi verið þau, að um miðjan janúar 1973 hafi hann fengið til yfirlesturs uppkast að gjafabréfi. Hann hafi hitt stefnanda í fyrsta skipti, þegar gjafabréfið var undirritað. Hann hafi út af fyrir sig ekki verið neitt fýsandi, að Landvernd gerðist aðili, vegna þess að sér hafi verið ljóst, að gjöfum gætu fylgt og fylgdu margs konar kvaðir og örðugleikar. Augljóst hafi verið, að strax og stefnandi léti af búskap í Alviðru og gjafþegar tækju við jörðinni, fylgdi því aukinn kostnaður og fyrirhöfn. En þau markmið, sem hefðu verið sett í gjafabréfinu um nýtingu jarðanna, hafi verið í fullu samræmi við stefnu og markmið Landverndar. Hafi hann séð, að þarna væri á ferðinni skemmtilegt og ef til vill nokkuð vandasamt viðfangsefni, og hafi það ráðið, að hann hefði verið meðmæltur, að Landvernd gerðist gjafþegi.

Hann hafi engar hugmyndir haft um þær umræður, sem farið hefðu fram um fjórðu stöngina fyrir þann tíma, að gjafabréfið var

undirritað, og farið hefði algerlega fram hjá sér á undiritunarfundinum, að þetta væri nokkurt atriði. Það hafi verið fyrst á blaðamannafundi 16. febrúar, að sér hafi verið ljóst þetta viðhorf Magnúsar og óskir hans í því efni. Það hefði aldrei komið til mála af sinni hálfu að veita gjöfinni viðtöku með skilyrði, sem ekki hafi verið á færi félagsskapar síns að uppfylla. Hitt hafi verið jafnsjálfsagt að verða við óskum stefnanda í þessum efnum og hafi þeir í stjórn Landverndar stutt það á alla lund eftir því sem þeir hafi getað. Hákon kvaðst ekki hafa heyrt fyrr en mörgum mánuðum eftir undirritun gjafabréfsins, að um neitt skilyrði hefði verið að ræða, að sumarbústaðir yrðu fjarlægðir úr landi Öndverðarness II. Hann hafi vitað um þessa bústaði og veitt því athygli, að á þá var ekki minnst í gjafabréfinu, en hugsað sem svo, að um þá yrði að fara sem samningar þessara sumarbústaðaeigenda stæðu til við gefanda, og hafi ekki séð neina ástæðu til að hreyfa neinum athugasemdum út af því. Sér hafi verið kunnugt um, að á þessum tíma hafi staðið yfir málaferli á milli stefnanda og annars sumarbústaðareigandans, og þegar lögmenn aðilja þess máls hefðu komið að máli við sig og innt sig eftir afstöðu sinni, hefði hann tjáð þeim, að málið væri Landvernd algerlega óviðkomandi.

Að framan hafa verið raktir málavextir þess þáttar málsins, sem snerta kröfu stefnanda um ógildingu gjafabréfsins. Hér á eftir verða raktir málavextir, sem snerta kröfu stefnanda um riftun þess. Þess ber að geta, að eftir að missætti kom upp á milli aðilja þessa máls, var reynt að setta hin andstæðu sjónarmið, bæði fyrir og eftir þann tíma, að stefnandi skrifaði stefndu riftunarbréf, en sættir náðust ekki. Enn fremur hafa af hálfu dómarans verið gerðar ítrekaðar tilraunir undir rekstri málsins að setta aðilja þess, en án árangurs.

Stefnandi rifti gjafabréfinu með bréfi, dags. 16. júlí 1976, sem er svohlj.:

„LANDVERND

Landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands,
c/o Hr. Hákon Guðmundsson, stjórnarformaður
og

SÝSLUNEFD ÁRNESSÝSLU

c/o Hr. Páll Hallgrímsson, sýslumaður.

Efni: MÁL MAGNÚSAR JÓHANNESSONAR VEGNA

JARÐANNA ALVIÐRU OG ÖNDVERÐARNESS II.

Ég leyfi mér að vísa til fundar vors á Selfossi.

Svo sem ég reifaði þar, hefir Magnús falið mér að rifta gjafa-bréfi um jarðirnar Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi, en í gjafabréfinu, sem dagsett er 1. febrúar 1973, var yður í sameiningu boðnar ofangreindar jarðir til eigna með nánar tilteknum skilmálum, umbj. m. telur, að þér hafi ekki uppfyllt sett skilyrði og á ýmsan hátt ekki staðið við samkomulag, er gert var í upphafi. Séu atriði þessi veruleg og ákvörðunarforsendur frá hans hendi og sé því riftun heimil.

Ég vil leitast við að gera grein fyrir helstu atriðum, sem umbj. m. telur, að valdi ofanefndri riftun:

1. Umbj. m. telur, að núverandi „ábúi“ eða „leigutaki“ sitji jörðina illa, svo til stórvansæmdar sé og valdið sé skemmdum á túni og allur umgangur um jörð og hús sé mjög slæmur. Vill umbj. m. ekki una þessu.

2. Um það var samkomulag, þó ekki hafi verið ritað í gjafabréfið, — enda hefir því ekki verið mótmælt —, að viðtakendur jarðanna skyldu sjá til þess, að veitt verði leyfi fyrir „fjórðu stönginni“. Það skilyrði hefir ekki verið uppfyllt né boðnar á því úrbætur, svo viðunandi sé. Sú ráðagerð yðar að bæta við fjórðu stönginni, án þess að það sé gert á lögformlegan hátt skv. lögum um lax- og silungsveiði, er mjög ótilhlýðileg og raunar furðulegt, að opinberir aðilar skuli ætla sér að hafa forgöngu um skýlaust lagabrot. Ég vil ennfremur benda á, að öll viðurlög og áhætta og jafnvel miklar skaðabætur kynnu að lenda á umbj. m., ef þannig yrði farið í málið.

3. Skv. ákvæðum í gjafabréfinu skyldi gera skipulagsskrá fyrir eignirnar. Það hefir ekki enn verið gert, þó e. t. v. hafi verið gerður að því reki nú nýlega, en því verki er enn eigi lokið.

Umbj. m. hefir ennfremur bent á ýmis fleiri atriði, svo sem vér höfum rætt, og vísa ég til þess.

Umbj. m. gerir sér ljóst, að þér hafið haft nokkurn kostnað af jörðunum, og er fús til viðræðna um endurgreiðslu hluta þess kostnaðar a. m. k., en hann telur jafnframt, að skemmdir hafi orðið á jörð og húsum, sem þeir menn hafi valdið, að þér berið ábyrgð þar á. Yrði að meta það til fjár og kæmi til skuldajafnaðar.

Umbj. m. vill taka fram, að hann hyggst ráðstafa eignum þessum til almenningsheilla, þó það verði á annan hátt.

Þó nokkur dráttur hefir orðið á bréfi þessu vegna mikilla anna undirritaðs fyrir réttarhlé.

Ég er að sjálfsögðu ætíð reiðubúinn til viðræðna við yður um þetta mál og bendi á, að meðan réttarhlé varir, hefi ég mun rýmri tíma en ella og gæti komið til funda með skömmum fyrirvara.

Ég vænti heiðraðs svars yðar hið fyrsta.

Virðingarfyllst,
F. h. Magnúsar Jóhannessonar
GARÐAR GARÐARSSON
Garðar Garðarsson hdl.“

Stefndu rituðu lögmanni stefnanda bréf, dags. 27. ágúst 1976, og hafna riftunarkröfu stefnanda.

„Hr. lögmaður, Garðar Garðarsson, Keflavík.

Reykjavík, 27. ágúst 1976.

Bréf yðar til Landverndar, c/o Hákon Guðmundsson og Árnes-sýslu, c/o Páll Hallgrímsson, dagsett 16. júlí sl., var móttekið 22. júlí sl. Í bréfi þessu upplýsið þér, að Magnús Jóhannesson, fyrrum bóndi á Alviðru, hafi falið yður að rifta gjafabréfi, dagsettu 1. febrúar 1973, um jarðirnar Alviðru í Ölfushreppi og Öndverðarnes II í Grímsneshreppi.

Ástæður fyrir riftingu telur umbjóðandi yðar, að ekki hafi verið uppfyllt sett skilyrði og á ýmsan hátt ekki staðið við samkomulag, er gert var í upphafi. Í þessu sambandi eru nefnd þrjú atriði, þ. e.

1. Núverandi „ábúi“ sitji jörðina, svo til vansæmdar sé.
2. Að við samkomulag um „fjórðu veiðistöngina“ í Sogið hafi ekki verið staðið.

3. Ekki enn lokið við gerð skipulagsskrár.

Þar sem umbjóðandi yðar telur, að um vanefndir á áðurtöldum atriðum sé að ræða, skulu þau athuguð nánar.

1. Umgengni um jörð og hús.

Magnús Jóhannesson flutti frá Alviðru snemmsumars 1974, en búfé hans var í högum til hausts. Þar sem nokkur hætta fylgir því að láta hús standa mannlaus, eyddi Haukur Hafstað sumarleyfi sínu að mestu á Alviðru frá miðjum júlímánuði, og voru úti-hús og íbúðarhús að mestu máluð á þeim tíma auk annarra lagfæringa.

Á þessu sumri var einnig hugað að því að fá fólk til að búa í húsum yfir veturinn, og flutti Helgi Þórarinnsson og kona hans að Alviðru 1. sept. 1974.

Helgi var ráðinn fyrir ákveðin mánaðarlaun yfir vetrarmánuð-

ina gegn því að annast viðgerðir og viðhald á húsum. Olíukostnaður vegna húsahtitunar var einnig greiddur af jarðareigendum í eitt ár. Eins og að líkum lætur, var ráð fyrir því gert, að Helgi hefði jarðarafnot til búskapar, og hóf hann búskap með vordögum, og voru drög að samningi um afnot af jörð og húsum lögð fyrir hann síðla sama ár. Dráttur varð af hans hálfu að svara þeim tilboðum, sem í samningi fólust, og eftir að viðræður hófust, í febrúar, við umboðsmann hans, kom fljótt í ljós, að ekki myndi vera grundvöllur fyrir samningum milli hans og umráðenda jarðanna. Þegar svo var komið, fóru fram tilraunir til samkomulags um, að Helgi færi góðfúslega af staðnum, þar sem sýnt var, að ekki gat orðið samstarf milli hans og jarðareigenda. Stóðu þeir samningar nú fram á sumar án árangurs, og verður hafist handa um að segja Helga upp afnotum og dvöl á jörðinni, svo hægt verði að koma ábúð í það horf, sem gert er ráð fyrir í áætlun um meðferð jarðarinnar í gjafabréfi.

Fullyrðingum umbjóðanda yðar um, að land og hús Alviðru hafi orðið fyrir skemmdum, vísum við algerlega á bug. Á þeim tíma, sem liðinn er síðan Magnús hætti búskap, hefur verið lagt í margskonar kostnað, sem telja verður, að sé í anda gjafabréfs, þar sem segir, að varðveita beri jörðina samfellda með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum.

Land Alviðru hefur verið afgirt á merkjum og þannig losað undan ágangi utanaðkomandi, sem var mikill. Landsspildan við norðurmörk afgirt með tilliti til alfriðunar um lengri tíma. Gerð hefur verið úttekt á gróðurfari jarðanna og unnið að gerð áætlunar um framtíðarnýtingu þeirra í samræmi við þau sjónamið, sem nefnd eru í gjafabréfi. Ef gróðurfar Alviðru í úthaga er skoðað, bæði til fjallsins og í mýrinni, er augljóst, að þar er gróður í framför, og sama má segja um Öndverðarnes.

Á sl. ári voru 8 tonn af áburði látin jörðinni til góða, en af slíku gat ekki orðið nú í vor, vegna þess að um það náðist ekki samkomulag við Helga Þórarinsson. Varðandi hús jarðarinnar, er öllum, sem til þekkja, ljóst, að þau eru ekki í lakara ástandi en þau voru, þegar við tókum við þeim. Öll hús voru strax máluð að utan og nýtt þak sett á íbúðarhús, gerðar lagfæringar á miðstöð, frárennsli o. fl.. Þegar í ljós kom, að íbúðarhús var óeinangrað, var kannað í samráði við byggingafulltrúa, á hvern hátt væri hægt að gera húsið vel íbúðarhæft, þ. e. skipta um glugga og einangra það. Var tekin ákvörðun um að leggja í þennan kostnað. Á þessu verki var byrjað veturinn 1975, en framhald hefur ekki

orðið nú um sinn vegna ágreinings þess við Helga Þórarinsson, sem Magnúsi er vel kunnugt um.

Með vísun til framangreindra atriða er því eindregið hafnað, að meðferð jarðar eða mannvirkja Alviðru sé af hálfu gjafþega með þeim hætti, að varðað geti riftun á gjafagerningi Magnúsar Jóhannessonar. Skiptir ekki í því sambandi máli, þótt setu Helga Þórarinssonar þar sé áfátt, en svo sem áður er getið, hefur síðustu mánuði verið að því unnið af hálfu gjafþega, að dvöl Helga á Alviðru lyki sem fyrst, og verður þeim haldið áfram þar til yfir lýkur.

2. Tilmæli Magnúsar um „fjórðu stöng“ í Sogið.

Um þær mundir sem gengið var frá gjafabréfi Magnúsar og undirritun fór fram, hafði komið fram ósk frá honum um, að Alviðra fengi úthlutað einni stöng til viðbótar þeim þremur, sem jörðin hafði haft um árabíl. Að þessu vildu viðtakendur vinna, enda þótt þeir gætu ekki tekið á sig skuldbindingar um fjölgun stanga, þar sem slík ákvörðun var og er, eins og Magnúsi Jóhannessyni er ljóst, algerlega háð samþykki yfirvalda veiðimála. Af því tilefni var Jörundur Brynjólfsson, formaður Veiðifélags Árnesinga, viðstaddur undirritun gjafabréfsins. Hann mun hafa látið í ljós, að hann væri því mjög fylgjandi, að Alviðra fengi „fjórðu stöng“ í Sogið, en síðasta orðið í þessu efni væri hjá Veiðimálanefnd og veiðimálastjóra. Framhald þess máls má sjá í meðfylgjandi bréfum, þ. e.

I. Bréf stjórnarnefndar Alviðru og Öndverðarness til formanns Veiðifélags Árnesinga, 5. sept. 1973, þar sem óskað er eftir meðmælum hans til Veiðimálanefndar um að auka stanga-fjölda á veiðisvæðinu um eina, sem verði bætt við veiðirétt Alviðru.

II. Bréf formanns Veiðifélags Árnesinga, sama dag, til Veiðimálanefndar, þar sem óskað er heimildar til að fjölga veiðistöngum um eina á svæðinu, enda verði þeirri stöng úthlutað til Alviðru og Öndverðarness II.

III. Bréf Veiðimálanefndar frá 29. nóv. 1973 til stjórnar Veiðifélags Árnesinga, þar sem fyrrnefndri beiðni stjórnarinnar er synjað.

Af framhaldsviðræðum við veiðimálastjóra var ljóst, að frá hans hendi var ekki að vænta breytinga á fyrri afgreiðslu. Sem vænta mátti voru báðir aðilar, þ. e. eigendur jarðanna og Magnús Jóhannesson, óánægðir með þessi málalok. Þar sem ljóst var, að ekki var hægt að verða við ósk Magnúsar eftir þeim leiðum, sem

að var stefnt, var honum boðið, síðla vetrar 1974, að eigendur jarðanna tækju að sér veiðiréttinn og greiddu honum leigu af fjórum stöngum. Þessu boði vildi Magnús ekki sinna og taldi best að láta frekari aðgerðir bíða þar til síðar, og þetta hefur Magnúsi staðið til boða alla tíð síðan.

Á þeim tíma, sem liðinn er síðan, hefur þessu máli verið haldið vakandi og aðallega verið rætt við formann Veiðifélags Árnesinga og formann Veiðimálanefndar. Með afgreiðslu Veiðimálanefndar frá 12. 3. 1974, þar sem Veiðifélagi Árnesinga er heimilað að fjölga veiðistöngum um 5 — heildartala stanga mest 65 stengur ákveðið tímabil á veiðitíma og síðari afgreiðslu um fjölgun í 70 stengur, — töldum við, að þessi heimild gæti leyst okkar vanda að nokkru. En stjórn Veiðifélags Árnesinga mun hins vegar ekki hafa notað þessa heimild þangað til ef til vill nú í sumar, en þá gat það ekki komið gjafþegum til góða, þar sem Magnús gerði leigusamning fyrir veiðitímann sumarið 1976 á haustdögum 1975.

Þau málsatriði, sem hér hafa verið talin, og allan gang þessa máls þekkir Magnús Jóhannesson mæta vel. Formaður stjórnarnefndar Alviðru, Haukur Hafstað, og hann hafa rætt þessi mál oft og mörgum sinnum á undanförunum árum. Á síðastliðnu vori óskaði Magnús eftir því, að Haukur mætti á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga sem fulltrúi fyrir Alviðru, hvað hann og gerði. Á þessum fundi rakti Haukur sögu þessa máls og bar fram óskir um, að sú nýja stjórn, sem kosin var á fundinum, tæki á þessu máli af röggsemi og legði sig fram um að finna lausn á því.

Hér skýtur því nokkuð skökku við, að umbjóðandi yðar telji nú, nokkrum mánuðum síðar, ástæðu til að rifta gjafabréfi sínu m. a. vegna vanefnda gjafþega um útvegum „fjórðu veiðistangar.“

Af þessu er ljóst, að viðtakendur gjafarinnar hafa gert það, sem í þeirra valdi stóð, til að orðið yrði við ósk Magnúsar Jóhannessonar um stangafjölgun, og er því einnig vísað á bug, að af þeirra hálfu sé um nokkura þá vanefnd að ræða í þessum efnum, sem geti gefið Magnúsi lögmætar ástæður til að rifta gjöf sinni.

3. Gerð skipulagsskrár fyrir eignirnar.

Í gjafabréfi er ákveðið, að þessum jarðeignum sé stjórnað af þriggja manna nefnd, þ. e. einum frá Árnessýslu, einum frá Landvernd og Magnúsi Jóhannessyni, meðan honum sýnist og endist heilsa til. Nefndin setji eignunum skipulagsskrá, sem m. a. ákveði, hvernig þriðji maður verði tilnefndur að Magnúsi frágengnum.

Gerð skipulagsskrár hefur borið á góma í stjórnarnefnd Alviðru-

eignar, síðast á heimili Magnúsar á sl. vori, þó ekki væri á formlegum fundi. Meðstjórnarmönnum Magnúsar hefur þótt eðlilegt að biðja tillagna Magnúsar sjálfs um skipun eftirmanns hans í stjórnarnefndina, en hann hefur ekki til þessa gert sjálfur neina tillögu um það efni. Í ofanefndu samtali á heimili Magnúsar var loks leitað álits hans um þá hugmynd að fela Búnaðarsambandi Suðurlands að nefna mann í stjórnarnefndina að honum frágengnum, og kvaðst hann þá vel geta hugsað sér það. Að fengnu samkomulagi um þetta eina atriði er ekkert því til fyrirstöðu að gera skipulagsskrá um Alviðrueignina í samræmi við ákvæði gjafabréfs Magnúsar.

Samkvæmt þessu er því algerlega hafnað, að um nokkrar þær vanefndir sé að ræða af hálfu gjafþega, sem leitt geti að lögum til þess, að gjafargerningnum frá 1. febrúar 1973 verði rift. Við erum hinsvegar fúsir og reiðubúnir til þess að ræða við yður um öll atriði, sem gjafabréfið varða, og vonum að takast megi að jafna allan ágreining út af þessum samskiptum með þeim hætti, að allir aðilar megi vel við una og hafa sæmd af.

Virðingarfyllst,

Vegna Landverndar
Hákon Guðmundsson

Vegna Árnessýslu
Páll Hallgrímsson“

Efni þessa bréfs staðfestu forráðamenn beggja stefndu fyrir rétti.

Samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins var sett á laggirnar nefnd, svokölluð Alviðrunefnd, til þess að stjórna eignunum. Átti stefnandi þar sjálfur sæti ásamt Páli sýslumanni og Hauki Hafstað. Var Haukur kjörinn formaður nefndarinnar á fyrsta fundi hennar, sem haldinn var 23. ágúst 1973. Í málinu hefur verið lögð fram fundargerð þessa fundar. Þar kemur fram, að Haukur Hafstað og Páll sýslumaður höfðu sama dag rætt við Jörund Brynjólfsson, formann veiðifélags Árnesinga, og hafði Jörundur upplýst, að ekki hefði tekist að fá samþykki veiðimálanefndar til þess að fjölga veiðistöngum Alviðru um eina. Jörundur hafði hins vegar tekið að sér að beita sér fyrir því, að stjórn veiðifélagsins samþykkti að fjölga veiðistöngum Alviðru og Öndverðarness II um eina, ef veiðimálanefnd fengist til að fjölga stangveiðileyfum á félagssvæðinu. Páll og Haukur tóku að sér að fylgja málinu eftir við veiðimálanefnd og veiðimálastjóra.

Þá hefur verið lögð fram í málinu fundargerð annars fundar Alviðrunefndar, sem haldinn var 13. maí 1974, og þar kemur

fram, að stefnandi upplýsir, að hann vilji afhenda nefndinni að fullu jörðina Alviðru samkvæmt gjafabréfinu og afsala sér öllum afnotum af henni og íbúðarhúsi hennar að öðru leyti en því, að honum væri heimil hagaganga fyrir sauðfé sitt til hausts og fyrir fjóra hesta, á meðan hann vildi eiga þá. Þá kemur fram, að stefnandi hafi viljað, að 5. gr. gjafabréfsins um kaup búvinnuvéla og verkfæra kæmi til framkvæmda. Síðan er upp talið, hver séu helstu verkfærin. Stefnandi upplýsti, að hann vildi ekki að svo stöddu afhenda Öndverðarneslandið, og liti hann þá til þess, að ekki væri enn séð fyrir endann á málaferlum þeim, sem rekin væru um spildu úr því landi. Þá er bókað orðrétt: „Að sjálfsögðu ætlar Magnús ekki að ráðstafa Öndverðarneslandi til neinnar notkunar. Þá tók Magnús fram, að ef nefndinni sýndist það álitlegt, þá væri hann til með að láta nefndina hafa þau verkfæri, sem til greina kom skv. 5. gr. gjafabréfsins, í skiptum fyrir ca 3 hektara lands úr norðausturhorni Öndverðarnesslandsins.“

Á þiðja fundi nefndarinnar, sem haldinn var 13. júlí 1974 er m. a. bókað: „Á fundinum var tekið til meðferðar tilboð Magnúsar Jóhannessonar frá síðasta fundi um skipti á vélum hans og tækjum fyrir 3 hektara spildu úr norðausturhorni Öndverðarnesslandsins. Nefndarmenn þeir Haukur og Páll voru sammála um að taka tilboðinu, en létu þess jafnframt getið, að slík viðskipti hefðu ekki komið til greina við neinn annan mann nema Magnús Jóhannesson, enda væri hér efnislega aðeins um að ræða breytingu á skilmálum í gjafabréfi Magnúsar Jóhannessonar.“

Umrædd spilda mun hafa verið mæld út og stefnandi fengið hana til ráðstöfunar. Fram kom í vitnisburði Hauks Hafstað, að búvélarnar væru nú geymdar austur í Gunnarsholti.

Fram hefur verið lagður í málinu útdráttur úr fundargerðum stjórnarfundar Landvendar. Kemur þar m. a. fram, að á stjórnarfundinum 1974 var endanlega samþykkt að kjósa þriggja manna tillögunefnd, tvo frá Landvernd og einn frá Náttúruverndarsamtökum Suðurlands, og átti sú nefnd að gera tillögur um framtíðarverkefni í Alviðru og Öndverðarnesi. Þeir Einar E. Sæmundsen, Júlíus Egilsson og Stefán Bergmann voru skipaðir í nefndina. Á stjórnarfundinum 28. júní 1974 var af hálfu stjórnar Landvendar rædd sú ráðstöfun Alviðrunefndar frá 13. júní 1974 að kaupa vélar Magnúsar og hún samþykkt samhljóða. Þá lagði framkvæmdastjóri Landvendar til á þessum fundi, að hús í Alviðru yrðu máluð og skipt um járn á þaki íbúðarhússins. Lagðar voru fram tillögur Áslaugar Sverrisdóttur um liti á húsunum. Á sama

fundi er rædd bráðabirgðagreinargerð nefndarinnar, sem skipuð var til að fjalla um framtíðarnýtingu Alviðru og Öndverðarness. Framkvæmdastjóri Landverndar hafði talað við Björn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, og hafði Björn boðið aðstoð stofnunarinnar til að vinna með Landvernd að tillögugerð um búrekstur og landnýtingu í Alviðru. Stjórnin fagnaði þessu boði rannsóknastofnunarinnar og lagði jafnframt áherslu á, að í Alviðru yrði föst búseta að nýju og ekki síðar en í september nk. Óskað var eftir, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins gerði nú í sumar úttekt á landi Alviðru, sem gæti orðið til grundvallar fyrir skipulagningu framtíðarbúskapar á jörðinni. Á þessum fundi var samþykkt, að Björn Sigurbjörnsson og Ingvi Þorsteinsson tækju sæti í tillögunefnd Alviðru ásamt þeim, sem áður voru til nefndir. Á stjórnarfundi 21. febrúar 1975 og 18. mars sama ár er fjallað um endurbætur á íbúðarhúsi í Alviðru og framkvæmd þeirra.

Þá hafa enn fremur verið lagðar fram í ljósriti fundargerðir tillögunefndar um nýtingu lands í Alviðru og Öndverðarnesi og tillögur hennar frá 5. september 1974 þar að lútandi, og eru þær svohljóðandi:

„Framkomnar tillögur nefndar v/Alviðru.

1. Gengið út frá, að nokkur búskapur verði á stórum hluta Alviðru.

2. Alfriðað verði nyrsti hluti frá merkjum ofan þjóðveggar ca 500 m breiður. Þetta land látið gróa án íhlutunar að öðru leyti, en stöðvaður verði uppblástur á nokkrum stöðum.

3. a. Við suðurmerki þessa lands verði skógrækt veitt aðstaða, t. d. með skjólbeltatilraunir.

b. Einnig verði skógrækt, og þá fyrst og fremst Skógræktarfélagi Árnesinga gefinn kostur á að fá til umráða landið við suðurmerki Alviðru ofan vegar ca 250 m spilda meðfram vegi.

c. Ennfremur getur komið til greina skógræðsla í skriðum í túni rétt norðan bæjarhúsa.

4. Annað land Alviðru verði á einn eða annan hátt nytjað til búskapar. Rannsóknastofnun landbúnaðarins ásamt umráðaaðilum geri nánari tillögur um notkun lands til búskapartilrauna o. s. frv.

5. Nefndin telur æskilegt, að mýrlendi neðan vegar verði ekki raskað með uppburrun.

6. Rannsóknastofnun landbúnaðarins falið að gera gróðurkort af landi Alviðru og Öndverðarnesi nú í haust.

7. Land Öndverðariness verði alfriðað fyrir búfé. Einnig reynt að hlífa því fyrir annarri umgengni svo sem verða má.“

Stefnandi afhenti stefndu jörðina Alviðru vorið 1974. Alviðrunefnd hafði þá þegar starfað um nokkurt skeið, og verður nú stuttlega rakið það, sem fram hefur komið um starfið í Alviðrunefnd almennt í framburði þeirra, sem sæti áttu í nefndinni.

Stefnandi sagði fyrir rétti, að hann hefði aldrei fengið neitt fram innan nefndarinnar, sem hann hefði óskað eftir. Hann vissi ekki til þess, að í nefndinni væru haldnir fundir, heldur „mökk-uðu“ þeir um þetta sín á milli og svo segði Haukur sér jafnóðum, hvað þeir hefðu ákveðið að gera, og annað vissi hann ekki. Páll sýslumaður sagði fyrir rétti um starfið í Alviðrunefnd, að það hefði gengið snurðulaust, á meðan nefndarmenn hefðu allir hist fram að fundinum, sem haldinn var 28. október 1976. Sér vitanlega hefði stefnandi ekki verið boðaður á fund í Alviðrunefnd eftir þann fund, og sagðist Páll telja, að samkvæmt bókun stefnanda á fundinum hefði hann ekki viljað taka áfram þátt í störfum nefndarinnar. Sér vitanlega hefði vilji stefnanda ekki verið beint kannaður um þetta og stefnandi hafi heldur ekki leitað eftir því að taka þátt í störfum nefndarinnar. Páll sýslumaður sagði, að þeir Haukur hefðu iðulega hist síðan út af málefnum Alviðru og einu sinni eða oftár séð ástæðu til þess að bóka af þeim fundum. Haukur Hafstað sagði fyrir rétti um störf Alviðrunefndar, að aldrei hefði komið til þess innan hennar, að greidd væru atkvæði, heldur hafi verið reynt að ræða málin, og þó að stefnandi hafi ekki viljað eða óskað eftir því að taka þátt í störfum nefndarinnar, þá hafi ákvörðun ekki verið tekin um neitt mál, án þess að hann hefði haft samband við stefnanda.

Af hálfu Alviðrunefndar var ráðist í að fá ábúanda í Alviðru. Úr varð, að maður að nafni Helgi Þórarinsson fluttist þangað 1. september 1974. Forráðamenn stefndu hafa lýst í bréfi sínu frá 27. ágúst 1976 ráðningu og ráðningarkjörum Helga Þórarinssonar. Stefnandi sagði fyrir rétti, að hann hefði neitað að eiga nokkurn þátt í ráðningu Helga og mótmælt henni. Ástæða þess hafi verið sú, að hann hafi ekki þekkt manninn, aldrei séð hann, lítils háttar heyrt um hann talað og hafi hann ekki að sínu mati verið nokkuð betri en hinir þrír, sem áður hafi verið búnir að sækja um ábúð. Páll sýslumaður sagði fyrir rétti, að hann hefði sjálfur ekki lagt neitt til þess, að Helga Þórarinssyni yrði fengin búseta á Alviðru. Helgi muni sjálfur hafa falast eftir henni, en hann hafi á vegum húsbónda síns, bónda niður í Flóa, fengist við

heyskap í Alviðru sumarið áður. Það hafi verið sannmæli nefndarmanna í Alviðrunefnd, að einhvern þyrfti að fá til að búa í Alviðru, en það muni hafa verið samkvæmt tillögu Hauks Hafstað og með sínu samþykki, að Helgi fékk búsetuna, og kvaðst sýslumaður ekki hafa haft annað til að benda á í þessu sambandi. Sýslumaður sagði, að sér væri ekki kunnugt um, að Magnús hefði haft á móti ráðningu Helga, og ekki heldur, að hann hafi samþykkt hana. Magnús hefði ekki haft annan til að mæla með. Ákvörðun um búsetu Helga hefði ekki verið tekin á fundi nefndarinnar, heldur eftir samtölum um málið, og kvaðst sýslumaður telja það yfirsjón og þá Alviðrunefndarmanna sameiginlega að hafa hleypt manni inn í hús Alviðru án þess að gera samning þar um, en það hafi verið gert í trausti þess, að samningur yrði gerður síðar. Ekki hafi verið meiningin að byggja jörðina í skilningi ábúðarlaga, enda mundi slík bygging ekki hafa samrýmst ákvæðum gjafabréfsins.

Haukur Hafstað kvaðst hafa átt frumkvæðið að því í Alviðrunefnd, að Helga var fengin búseta, en enginn nefndarmanna hafi mótmælt því. Tveir aðrir menn hafi komið til greina, en stefnandi hefði ekki óskað eftir því, að þeir yrðu fremur teknir heldur en Helgi Þórarinsson.

Eins og fram hefur komið, var Helga Þórarinssyni ekki byggð jörðin og ekki gerður við hann sérstakur samningur um ábúðina, en eftir að hann hafði verið í Alviðru um nokkurn tíma, munu hafa verið lögð fyrir hann drög að leigusamningi, sem lögð hafa verið fram í málinu, en um þann samning náðist ekki samkomulag við Helga. Það var ekki gerð úttekt á jörðinni, þegar Helgi flyst þangað. Eftir að búseta Helga hafði staðið um nokkra hríð, hófust deilur á milli hans og Alviðrunefndar, m. a. um leigusamning um ábúðina. Hinn 30. ágúst 1976 var Helga síðan sagt upp afnotum af húsum og landi jarðarinnar frá og með 1. júní 1977. Í október 1976 flutti Helgi Þórarinsson burt af jörðinni án þess þó að taka með sér alla búslóð sína, og einnig skildi hann eftir eitthvað af búpeningi.

Á fjórða fundi Alviðrunefndar, sem haldinn var 28. október 1976, var bókað, að tilefni fundarins væri vitneskja nefndarmanna um það, að Helgi Þórarinsson væri farinn frá Alviðru. Haukur Hafstað lagði til, að Helga yrði tilkynnt, að öllum afnotarétti hans af landi og húsum Alviðru væri lokið nú þegar, og honum yrði jafnframt boðið að vera viðstaddur skoðun úttektarmanna á jörðinni. Páll samþykkti þessar tillögur, en Magnús lét

bóka eftirfarandi: „Ég lýsi allri ábyrgð á viðskilnaði Helga á hendur þeim, sem ráðið hafa veru hans í Alviðru, þar sem ég samþykkti ekki ráðningu hans.“ Enn fremur lét stefnandi bóka eftirfarandi: „Ég lýsi því yfir í framhaldi af fyrri bókun, að þar sem ég hefi boðað riftun á samningum um Alviðrugjöfina, þá er þessi nefnd ekki bær að taka ákvörðun í málinu, og mun ég eftirláta Páli og Hauki að ráða sjálfir úr þessum vanda. . .“

Úttekt var gerð á jörðinni, eftir að Helgi flutti af henni, og er úttektargerðin svohlj.:

„Ár 1976, laugardaginn 30/10, voru úttektarmenn Ölfushrepps þeir Engilbert Hannesson, hreppstjóri, Bakka, og Þorlákur Kolbeinsson, bóndi, Þurá, staddir að Alviðru Ölfushreppi samkvæmt beiðni Alviðrunefndar: Mættir voru f. h. eigenda jarðarinnar, f. h. Árnessýslu Páll Hallgrímsson, sýslumaður, f. h. Landverndar Haukur Hafstað, framkvæmdastjóri.

Borist hafði símskeyti frá Helga Þórarinssyni til hreppstjóra Ölfushrepps, þar sem hann mótmælir bréfi Alviðrunefndar varðandi skoðun á jörðinni og tilkynnir jafnframt, að hann mæti ekki. Þrátt fyrir áðurnefnt skeyti mætti Helgi ásamt konu sinni Þorbjörgu Gísladóttur.

Þess skal getið, að Helgi Þórarinsson neitaði hreppstjóra ásamt fulltrúum jarðarinnar um inngöngu í íbúðarhúsið. Þorlákur Kolbeinsson tafðist nokkuð og kom ekki á staðinn fyrr en á þriðja tímanum, og var þá Helgi og frú farin af staðnum.

Er Þorlákur var mættur, var hafin skoðun á staðnum, tún, girðingar, ásamt húsum voru skoðuð.

1. Íbúðarhús: Húsið var ekki skoðað að innan, þar sem innanga fékkst ekki, enda ekki haldið til streitu af jarðareigendum. Svo virðist sem búslóð sé farin úr húsinu. Nýgrafinn skurður liggur frá húsinu, sem ætlaður er fyrir frárennsli, eldri leiðsla talin ónýt.

Skurðurinn er opinn og opið inn í kjallara hússins. Að öðru leyti er ytra ástand hússins þokkalegt. Nýtt járn á þaki og veggir málaðir.

2. Fjósíð: Fjósíð er í svipuðu ástandi og þegar Helgi Þórarinsson tók það í notkun að öðru leyti en því, að nokkrir byggingargallar hafa komið í ljós í lofti og veggjum. Í fjósinu eru 3 kálfar. Láðst hefur að hreinsa undan þeim a. m. k. síðastliðna viku. Jarðeigendur hafa haft eftirlit með, að kálfarnir fengju eitthvað að éta síðan Helgi flutti af jörðinni.

3. Mjólkurhús og fóðurgeymsla: Þessi hús eru áföst við fjósíð,

ástand þess er svipað og fjóssins. Mjólkurtankur er í húsinu, sem mun vera á Helga vegum. Mjaltavélalögn er í fjósinu. Mótor og dæla þeim tilheyrandi í fóðurgeymslunni.

4. Heyhlaða: Húsið er í þokkalegu ástandi að öðru leyti en því, að baggagat er opið og hurð vantar að hluta fyrir opið, nauðsynlegt að úr því sé bætt.

5. Skúr austan við hlöðu: Var áður fjárhús. Hólfaður í tvennt. Suðurendi afþiljaður í verkstæðisaðstöðu.

Í geymslu þar eru plaströr, sem áttu að fara til endurnýjunar á skólpleiðslu. Hafa verið þar frá 1974. Önnur verðmæti þar innan veggja tilheyra ekki jarðeigendum.

6. Bílskúr: Sýnilega notaður sem gripahús í seinni tíð, timburgrind járnvarin. Hefur ekki verið hreinsuð út frá síðustu notkun.

Útihús eru öll máluð og voru það, þegar Helgi Þórarinsson kom á staðinn, og eru í þokkalegu ytra ástandi.

7. Girðingar: Girðingar allar í kringum tún og garða gamlar og úr sér gengnar og lítilsvirði. Hinsvegar eru landamerkjagirðingar nýlegar og í góðu standi svo og nýgirt hólf í norðausturhluta landsins, norðan þjóðveggar.

8. Tún: Enn er hey á miklum hluta túnsins, sumt í görðum, annað í beðjum „sætum“ og enn annað í ljánni.

Nauðsynlegt er að fjarlægja garða og beðjur, svo að gróðurspjöll eigi sér ekki stað.

Skoðun lokið.

Alviðru, Ölfushreppi 30/10 1976.

Engilbert Hannesson

Þorlákur Kolbeinsson

Páll Hallgrímsson

Haukur Hafstað.“

Hinn 17. nóvember 1976 höfðuðu stjórnarnefnd og eigendur jarðarinnar Alviðru í Ölfushreppi mál fyrir fógetarétti Árneshús á hendur Helga Þórarinssyni og gerðu kröfu til þess, að þeir yrðu nú settir inn í öll umráð húsa og jarðarnytja Alviðru og að lausafé, sem enn kynni að vera eftir í Alviðru í leigu eða á vegum gerðarþola, yrði fjarlæggt þaðan með fógetavaldi. Til vara var þess krafist, að innsetning og útburður kæmi til framkvæmda hinn 1. júní 1977. Hinn 16. maí 1977 var kveðinn upp úrskurður, þar sem krafa gerðarbeiðanda var tekin til greina, og fór innsetningargerðin fram 28. júní sama ár. Þess ber að geta, að stefnandi höfðaði með meðalgöngu í þessu fógetamáli (sic), en meðalgöngu hans var synjað með úrskurði fógeta.

Páll sýslumaður sagði fyrir rétti um ástand jarðarinnar Alviðru, þegar hún var afhent gjafþegum, að ekki hefði verið horft á það gagnrýnum augum, en hann teldi, að jörðin hefði verið í venjulegu ástandi miðað við bújarðir almennt. Þegar Helgi Þórarinnsson hafi farið frá Alviðru, hafi hún ekki verið í sérlega ósvipuðu ástandi. Viðskilnaður á túni hefði þó verið með þeim hætti, að miklar dreifar hafi verið á því og nokkrum bílhöllum af rusli hafi verið ekið frá húsum jarðarinnar. Páll kvaðst ekki geta lastað Helga fyrir umgengni innanhúss.

Haukur Hafstað taldi, að ástand jarðarinnar, þegar gjafþegar tóku við henni, hefði verið með svipuðum hætti og það væri nú. Girðingar á jörðinni hefðu allar verið gamlar og ekki batnað með aldrinum. Girðing um trjágarð við íbúðarhús hefði legið að mestu niðri að sunnanverðu, en staðið að mestu uppi annars staðar. Úti-hús hefði verið með sama hætti, en aðeins hefðu þó aukist skemmdir á lofti í fjósi og hlöðuhurð hefði brotnað. Tún jarðarinnar hafi verið í þokkalegu ástandi.

Þegar stefnandi kom fyrir réttinn 27. júní 1977, sagði hann næstum ólýsanlegt, hvernig nú væri útlits á Alviðru, og varla væri hægt að koma ástandinu í meira öngþveiti en orðið væri.

Dómarinn gekk á vettvang 2. júlí 1977 ásamt stefnanda og lögmönnum aðilja. Þá hafði verið tekið til að nokkru eftir búsetu Helga Þórarinnssonar, og var sæmilega þokkalegt um að litast. Eldri girðingar á jörðinni virtust lélegar. Girðing í kringum trjágarð víða fallin. Jarðhús í sæmilegu ásigkomulagi. Lítils háttar heydreifar voru enn á túni, en sýnilegt var, að nýlega höfðu verið fjarlægðar heydreifar og beðjur. Skurður fyrir skolpleiðslu var opin.

Eins og fram kemur að framan í bréfi stefndu til lögmanns stefnanda, dags. 27. ágúst 1976, er talið upp, hvað jörðinni Alviðru hafi verið gert til góða, eftir að gjafþegar tóku við henni. Því hefur ekki verið mótmælt af stefnanda, að þar sé farið með rétt mál. Hann kvaðst þó hafa verið því andvígur, að girt væri hólf nyrst í landi Alviðru, því að ekki mætti missa land frá búskap á jörðinni, þar sem hún væri landlítill. Það, sem gert hafi verið á jörðinni, hafi verið afráðið án sinnar vitundar.

Í sama bréfi er að finna lýsingar stefndu á þeim tilraunum, sem gerðar hafi verið til þess að fá fjórðu veiðistöngina fyrir landi Alviðru og Öndverðariness. Lagt hefur verið fram bréf frá veiðimálanefnd og veiðimálastjóra, dags. 29. nóvember 1973, til Veiðifélags Árnesinga. Bréfið er svohljóðandi: „Erindi veiði-

félagsins í bréfi, dags. 5. september 1973, varðandi stangaaukning á félagssvæðinu með tilliti til aukningar um eina stöng í Soginu fyrir landi Alviðru var tekið fyrir á fundi veiðimálanefndar og veiðimálastjóra 21. október s.l. Ákveðið var á fundinum að synja fyrrgreindri beiðni.“

Páll Hallgrímsson skýrði frá því fyrir réttinum varðandi tilraunir til þess að fá fjórðu stöngina, að þeir Haukur Hafstað hefðu farið á fund nýs formanns í Veiðifélagi Árnesinga, þegar formannaskipti urðu, til þess að þoka því máli áfram. Þeim hafi verið vel tekið, en þó án árangurs, hvað málið snerti.

Fram kemur í gögnum þessa máls, að tilraunir voru gerðar til þess að leysa deiluna um fjórðu stöngina, en þær báru ekki árangur, og þykir ekki ástæða til þess að rekja þær tilraunir sérstaklega.

Stefnandi skýrði frá því fyrir rétti, að reglugerð, sem setja átti samkvæmt gjafabréfinu, hefði aldrei komið til tals innan Alviðrunefndarinnar, en Hákon Guðmundsson hefði einu sinni minnst á það mál. Í bréfi stefndu frá 27. ágúst 1976 er skýrt frá, hvað gert hafi verið til þess að uppfylla ákvæði gjafabréfsins, að sett skyldi skipulagsskrá um eignirnar. Páll sýlumaður sagði fyrir rétti, að þegar gjafabréfið hafi verið í deigluinni, hafi hann ekki viljað hafa frumkvæðið að því, að inn í það yrði tekið ákvæði um, hver tæki sæti stefnanda í Alviðrunefnd, þegar þar að kæmi. Hefði stefnandi viljað ákveða það, mundi það hafa verið tekið upp í gjafabréfið og þá hefði að sínum dómi verið óþarft að setja eignunum skipulagsskrá. Hann hafi sagt við stefnanda, að um þetta atriði mundi vera hægt að fjalla í skipulagsskrá, en stefnandi hafi ekki þá verið reiðubúinn til þess að taka ákvörðun um þetta. Stefnandi hafi heldur ekki síðar verið reiðubúinn til þessarar ákvarðanatöku og því hafi skipulagsskrá ekki enn verið sett.

Hákon Guðmundsson skýrði frá því, að ástæðan til þess, að skipulagsskráin hefði ekki verið sett, hafi verið sú í fyrsta lagi, að hann hafi talið, að vanda þyrfti til hennar og þær rannsóknir, sem gera hafi átt á Alviðru, hafi verið einn þáttur í því. Þessum rannsóknum hafi ekki verið lokið, en skipulagsskráin hafi átt að gilda um framtíð og meiningin hafi verið að vinna þær miklu betur, en truflun hafi komið á þetta vegna dvalar Helga Þórarinssonar á Alviðru og deilna, sem við hann hafi orðið, en ekki sé hægt að kenna um viljaleysi Landverndar, að skipulagsskráin hafi ekki verið sett.

Haukur Hafstað skýrði svo frá, að upp á síðkastið hefði fyrst

og fremst staðið í vegi fyrir gerð skipulagsskrárinnar þær óskir stefnanda að rifta gjöfinni og sá málarekstur, sem nú væri í gangi. Á meðan slíkt ástand væri, væri ekki grundvöllur til þess að setja skipulagsskrá.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að Páll Hallgrímsson sýslumaður hafi átt frumkvæði að því, að stefnandi gaf jarðir sínar, og komið inn þeirri hugmynd hjá honum, að með gjöfinni væri hann að gera eitthvað, er kæmi íbúum Árnessýslu til góða um alla framtíð. Sýslumaður hafi samið gjafabréfið og ráðið hartnær öllu því viðvirkjandi, bæði efni sem orðalagi. Hann hafi bætt Landvernd inn í sem gjafþega gegn vilja stefnanda. Þá hafi sýslumaður lofað að uppfylla ákveðin skilyrði, sem stefnandi hafi sett fyrir gjöfinni, þ. e. að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni í Soginu fyrir landi jarða stefnanda og fjarlægðir yrðu tveir sumarbústaðir í landi Öndverðarness II. Við þetta hafi hann ekki staðið og aldrei getað staðið án þess þó að gera stefnanda það ljóst. Þessi skilyrði stefnanda hafi sýslumaður neitað að taka upp í gjafabréfið, en þau hafi verið ákvörðunarforsenda hjá stefnanda. Stefnandi hafi ekki haft þau landverndarsjónarmið í huga, sem stefndu haldi fram, en hann hafi ætlast til þess, að í Alviðru yrði rekinn búskapur með sama sniði og hann sjálfur rak. Af framan-sögðu sé ljóst, að gjöf stefnanda sé fengin með óheiðarlegum hætti og beri því að ógilda gjafabréfið gagnvart báðum stefndu á grundvelli 32. gr. laga nr. 7/1936, sem beita megir um einhliða gjafagerninga sem gjafagerning stefnanda jafnt sem tvíhliða löggerninga, en þess beri að gæta, að mun minna þurfti að koma, svo að gjafargerningur verði ógildur en þegar um venjulega tvíhliða löggerninga sé að ræða. Þá megir og eftir atvikum beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um þessi samskipti aðilja málsins, en stefnandi hafi verið háaldraður og engrar aðstoðar notið við gerð gjafabréfsins, annarrar en þeirrar, sem hann hafi treyst sýslumanni til að veita sér.

Verði ekki fallist á, að ógilda eigi gjafabréfið, þá beri að heimila stefnanda riftun þess á grundvelli brostinna forsendna. Þess verði að gæta, að mun minna þurfi til, að forsendur einhliða gjafagernings bresti en þegar um sé að ræða tvíhliða löggerninga. Þá verði að hafa í huga, að samkvæmt skoðunum fræðimanna eigi ætíð að túlka gjafaloforð gjafþega í óhag. Hver einstök for-

senda gjafagernings teljist ákvörðunarforsenda og skipti ekki máli, um hvaða forsendu sé að ræða. Gjafaloforð sé fyrst uppfyllt, þegar gjöfin hafi verið afhent, og þegar um sé að ræða fasteignir, þurfi gjafþegar að hafa fengið full yfirráð þeirra til þess að geta talist eigendur. Þinglýsing gjafagernings skipti því engu máli um skipti gefanda og gjafþega.

Játað sé af hálfu stefndu, að Öndverðarnes II hafi enn ekki verið afhent. Því sé stefnanda heimilt að afturkalla þá gjöf hvenær sem er og sjálfgert sé að rifta gjafabréfinu, hvað snerti Öndverðarnes II, á þeirri forsendu, að jörðin hafi ekki verið afhent gjafþegum. Því þurfi ekki í raun að byggja á, að gjafþegar hafi ekki staðið við það skilyrði, sem stefnandi hafi sett, að fjarlægðir yrðu tveir sumarbústaðir af landi jarðarinnar.

Stefnandi hafi sett skilyrði fyrir gjöf sinni, sem stefndu hafi ekki uppfyllt. Stefnanda hafi verið lokað því, að útvegað skyldi leyfi fyrir fjórðu veiðistönginni fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru og hafi ástæða þessa skilyrðis verið, að stefnandi hafi séð fram á, að hann mundi ekki hafa annað lífsviðurværi, þegar hann hætti búskap, en tekjur af sölu veiðileyfa fyrir landi jarðanna. Sýslumanni hafi verið kunnugt um eða mátt vita, að þetta skilyrði hafi verið alger ákvörðunarforsenda hjá stefnanda. Við þetta skilyrði hafi stefndu ekki staðið og þótt leyfið sé háð samþykki veiðimálayfirvalda, hafi stefndu ekki átt að gefa fyrirheit um að útvega það án þess að vera búnir að tryggja sér það áður. Þannig hafi verið vaktar rangar hugmyndir hjá stefnanda, sem hafi átt verulegan þátt í því, að hann hafi látið tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns um að gefa jarðir sínar. Þá hafi stefndu ekki viljað koma til móts við stefnanda um bætur fyrir það, að fjórða veiðistöngin hafi ekki fengist.

Hvergi komi fram, að stefnandi hafi haft náttúruverndar-sjónarmið í huga, þegar hann gaf jarðir sínar. Vilji hans hafi verið, að á jörðunum yrði rekinn sams konar búskapur og hann hafi sjálfur rekið, en ráðstöfun stefndu á Alviðru til búskapar sé ekki í samræmi við þetta sjónarmið stefnanda. Sama máli gegni um þá tilraunastarfsemi, sem stefndu hafi í hyggju að hafa á jörðinni. Stefnandi hafi frá upphafi mótmælt því, að Helga Þórarinssyni yrði fengin búseta á jörðinni, og beri því enga ábyrgð á henni. Búseta Helga, sem ekki hafi verið í neinu samræmi við vilja stefnanda, hafi verið með eindæmum og stefnanda til sárrar skapraunar. Af henni hafi hlotist margvísleg spjöll á jörð og á mannvirkjum. Meðferð stefndu á jörðinni sé með þeim hætti, að

ljóst sé, að þeir séu algerlega ófærir um að stjórna málefnum hennar.

Þá hafi verið mjög ósæmilegt af hálfu stefndu að taka tilboði stefnanda um skipti á landspildu úr Öndverðarnesi II og búvélum hans, þar sem um hafi verið að ræða land, sem hafi verið í eigu stefnanda sjálfs, og með þessum hætti hafi þeir haft af stefnanda stórfé. Stefnandi hafi ekki verið sér meðvitandi um réttarstöðu sína varðandi Öndverðarnes II, en stefndu hafi borið skylda til þess að gera stefnanda grein fyrir henni. Stefnandi hafi og ætlast til þess, að búvélarnar fylgdu jörðinni, en svo sé ekki.

Þá hafi stefndu ekki staðið við þau ákvæði gjafabréfsins, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnanda, að setja skiplagsskrá fyrir eignirnar, en það sé brot á ákvæðum gjafabréfsins.

Samkvæmt þessu sé ljóst, að forsendur séu brostnar fyrir því, að stefndu haldi yfirráðum yfir Alviðru, og beri því einnig að heimila stefnanda riftun gjafarinnar, hvað þá jörð snerti og því gjafagerningsins í heild sinni.

Því er haldið fram af hálfu stefndu, að stefnandi hafi haft í hyggju að ráðstafa jörðum sínum til almenningsheilla og hafi það hvarvetna komið fram hjá honum undir rekstri málsins. Hann hafi enn fremur haft landverndarsjónarmið í huga varðandi jarðirnar, eins og fram komi í 1. tl. gjafabréfsins, og því hafi aðild Landverndar að gjöfinni ekki á neinn hátt verið í ósamræmi við vilja stefnanda, enda hafi hann samþykkt hana. Sjónarmið gefanda og gjafþega hafi því farið saman. Gjafþegar hafi ekki átt frumkvæði að því, að stefnandi gaf jarðir sínar, heldur hafi Páll sýslumaður einungis aðstoðað hann við að koma í framkvæmd fyrirætlunum sínum um ráðstöfun jarðanna. Þess verði að gæta, að gjafabréfið sé ekki einhliða gerningur, heldur nánast tvíhliða samningur, því að við móttöku gjafarinnar taki gjafþegar á sig þær skuldbindingar, sem um geti í gjafabréfinu. Þeir hafi engar aðrar skuldbindingar tekið á sig en þær, sem gjafabréfið kveði á um. Stefndu hafi hins vegar reynt, eftir því sem í þeirra valdi hafi staðið, að verða við þeirri ósk stefnanda, að fengið yrði leyfi fyrir fjórðu stönginni fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru, en þar hafi aldrei verið um að ræða skilyrði af hans hálfu. Það sé heldur ekki rétt, að stefnandi hafi sett skilyrði varðandi sumar-bústaðina í landi Öndverðarness II, enda hafi orðið að fara um þá eins og samningar kváðu á um.

Varðandi 32. gr. laga 7/1936 verði þess að gæta, að sá, sem telji sig blekkingum beittan, verði að sanna, að svo hafi verið, og

enn fremur að sá, sem blekkingunum hafi átt að beita, verði að hafa verið sér þess meðvitandi. Ekkert liggi fyrir um það, að stefnandi hafi ekki á þessum tíma verið sér þess að fullu meðvitandi, hvað hann var að gera, þegar hann gaf jarðir sínar, og sönnunarbyrðin um, að svo hafi verið, hvíli alfarið á honum. Stefnandi hafi komið stefndu fyrir sjónir sem mjög glöggur maður og ekkert það hafi verið í fari hans, sem gert hafi að verkum, að stefndu hafi ekki mátt telja, að hann væri sér þess fyllilega meðvitandi, hvað hann var að gera. Út í hött sé, að hægt sé að beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um samskipti aðilja málsins. Ekkert hafi komið fram í málinu, sem bendi til þess, að stefndu hafi með óheiðarlegum hætti fengið stefnanda til að gefa jarðirnar, og sé því eindregið mótmælt og sömuleiðis alfarið hafnað, að nokkrar þær ástæður séu fyrir hendi, sem leitt geti til ógildingar á gjafabréfi stefnanda.

Hvað snertir riftun gjafagerningsins á grundvelli brostinna forsendna, verði þess að gæta, að stefnandi hafi ekki sett það skilyrði fyrir gjöfinni, að fjórða veiðistöngin fengist, enda hafi honum verið ljóst, að slíkt væri háð samþykki veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, eins og hann hafi sjálfur viðurkennt. Honum hafi verið ljóst þegar seinni part árs 1973, að fjórða veiðistöngin fengist ekki, og þá hefði hann þegar átt að rísa upp öndverður og telja sig blekktan, hefði hann sett þetta sem skilyrði, en á þessum tíma hefði hann búið ennþá á Alviðru. Stefndu hafi gert allt, sem þeir gátu, til þess að útvega fjórðu veiðistöngina fyrir landi Öndverðarness II og Alviðru, en spurning sé, hversu langt þeir eigi að ganga, þegar höfð séu í huga þau landverndarsjónarmið, sem fram komi í gjafabréfi stefnanda.

Það sé misskilningur hjá stefnanda, að ætlast hafi verið til þess, að í Alviðru yrði rekinn búskapur með sama sniði og hann rak, heldur segi í gjafabréfinu, að stefnanda sé búskapur geðfelldur, sem samrýmist þeim landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmiðum, sem fram komi í bréfinu, og að hans dómi æskilegur. Gjafþegar verði því að vega og meta á hverjum tíma, hvort búskapur samrýmist þessu höfuðsjónarmiði um landvernd. Það komi mjög glöggt fram í fundargerðum stjórnarfundar Landverndar, hvernig samtökin fyrir sitt leyti hyggist nýta gjöfina og hvaða skilning þau leggi í gjafabréfið. Varðandi búskap á jörðinni, eftir að stefnandi flutti þaðan, beri þess fyrst að gæta, að hann hafi aldrei mótmælt búsetu Helga Þórarinssonar. Stefnandi viðurkenni og, að hann hafi verið látinn fylgjast með öllum ákvörðunum, sem

teknar hafi verið varðandi framkvæmdir og ráðstöfun jarðarinnar, og það sé alrangt, að hann hafi engu fengið framgengt innan Alviðrunefndar. Því betur hafi enginn ábúðarsamningur verið gerður við Helga Þórarinsson, vegna þess að slíkt hefði ekki samræmst ákvæðum gjafabréfsins, og sjá megi í drögum þeim að leigusamningi, sem fyrirhugað hafi verið að gera við Helga Þórarinsson, að landverndarsjónarmið séu skýrt fram tekin. Stefnu hafi með framkvæmdum sínum á Alviðru gert alla búskaparaðstöðu snöggjum betri heldur en hún hafi verið, þegar stefnandi fór frá jörðinni, og jarðarhús séu í mun betra ástandi. Þegar í ljós hafi komið, að búseta Helga var ekki með þeim hætti, að við það yrði unað, hefðu stefndu gengið í það af fullum krafti að koma Helga í burtu og hafi það tekist. Stefnu hafi í einu og öllu farið eftir ákvæðum gjafabréfsins, hvað búskap á Alviðru snerti, og hvorki sparað tíma né fé til þess, að svo mætti verða, og þegar illa hafi gengið með búskapartilraunir, hafi þeir reynt að koma því í lag og tekist það.

Stefnandi hafi sjálfur óskað eftir því að fá land í skiptum fyrir búvélar sínar, en ekki hafi verið skilyrði, að búvélarnar fylgdu jörðinni. Búvélakaupin hafi því farið fram í samræmi við óskir stefnanda. Bollaleggingar hans um, að hann hafi verið hlunnfarinn í þeim viðskiptum, vegna þess að hann eigi Öndverðarnes II, séu alrangar, því að Alviðra og Öndverðarnes II séu í órjúfangelegu samhengi sem gjöf og eign stefndu.

Varðandi skipulagsskrá fyrir gjafirnar sé komið fram í málinu, að alla tíð hafi staðið á því, að stefnandi tæki ákvörðun um, hvernig hans sæti í Alviðrunefnd yrði skipað, eftir að hann léti af því, en gerð skipulagsskrár hafi oft verið rædd við stefnanda, þótt hann hafi aldrei gert kröfu um, að það mál yrði tekið á dag-skrá funda Alviðrunefndar.

Stefnandi hafi með gjafabréfinu afsalað stefndu jörðum sínum báðum. Í gjafabréfinu sé kveðið á um það, hvenær stefndu taki við jörðunum, en það sé við brottflutning stefnanda frá Alviðru. Viðtaka gjafarinnar hafi því farið fram samkvæmt 3. tl. gjafabréfsins og ekkert frekar þurfi að koma til og skipti því ekki máli, þótt stefndi hafi ekki gert reka að því að fá Öndverðarnes II afhent í raun, en það sé eingöngu af tillitssemi við stefnanda.

NÍÐURSTAÐA.

Um ógildingarkröfu stefnanda.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að aðdragandi þess, að

hann gefur jarðir sínar, og gerð gjafabréfsins hafi verið með þeim hætti, að ógilda beri gjafabréfið á grundvelli 32. gr. laga nr. 7/1936 og eftir atvikum megi beita 7. gr. laga nr. 58/1960 um þessi skipti aðilja málsins. Stefndu hafa eindregið mótmælt því, að nokkuð það sé fyrir hendi, sem leitt geti til ógildingar gjafabréfsins samkvæmt kröfum stefnanda. Varðandi niðurstöðu í þessum þætti málsins verður að líta til þess, að ekki verður annað séð en stefnandi hafi haft öll færi á að hætta við að gefa jarðir sínar eða gefa þær öðrum en stefndu, hafi hann í upphafi talið, að efni gjafabréfsins væri með þeim hætti, sem hann gæti ekki sætti sig við eða gjafþegarnir. Ekki hefur komið fram, að neinar sérstakar nauðir hafi rekið stefnanda til að gefa jarðir sínar án þess að hugleiða það mál vel áður né hann hafi verið knúinn til þess af stefndu. Ekkert er komið fram um, að stefnandi hafi ekki verið sér fullkomlega meðvitandi um gerðir sínar á þessum tíma, og ekki er öðru haldið fram en stefnandi hafi undirritað gjafabréfið af fúsum og frjálsum vilja og verið fullkunnugt um efni og orðalag þess. Af gögnum málsins má ráða, að stefnandi hafi ekki í upphafi frá undirritun gjafabréfsins unað hlut sínum illa í samskiptum við stefndu, þótt þar yrði breyting á síðar. Í 1. t. gjafabréfsins er að finna ákvæði um landvernd og búskap á jörðunum. Það, sem nú er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi ætlast til í þessum efnum, þegar hann gaf jarðirnar, er í slíku ósamræmi við þetta ákvæði gjafabréfsins, að tæpast verður skýrt með öðru en stefnandi hafi skipt um skoðun á þessum atriðum, eftir að hann undirritaði gjafabréfið. Af framburði stefnanda fyrir rétti verður að ráða, að hann hafi í upphafi ekki mótmælt Landvernd sem gjafþega, þar sem hann segir sjálfur, að hann hafi pagað við þeim röksemdum, sem Páll sýslumaður hafi fært fyrir aðild Landverndar að gjöfinni.

Stefnandi hefur viðurkennt fyrir rétti, að sér hafi verið kunnugt um, að leyfi fyrir einni veiðistöng til viðbótar þeim þrem, sem leyfðar eru fyrir landi jarðanna, væri háð samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar, þannig að hann vissi eða mátti vita, að ekki væri á færi gjafþega einna að útvega þetta leyfi. Stefnandi átti á þeim tíma, er hann gaf jarðir sínar, í málaferlum út af öðrum af tveimur sumarbústöðum, sem standa í landi Öndverðarness II, og mátti því vita, að um þann sumarbústað mundi fara eftir endanlegri niðurstöðu í því máli og væntanlega um hinn eftir því sem samningar stóðu til. Ekkert þykir hafa komið fram undir rekstri málsins, sem hafi ranglega vakið vonir stefn-

anda um, að öruggt væri, að hann fengi óskir sínar uppfylltar um þessi tvö atriði.

Samkvæmt framansögðu þykir ekkert það hafa komið fram í máli þessu, sem bendi til þess, að óheiðarlega hafi verið staðið að samskiptum stefnanda og stefndu, sem leitt hafi til þess, að stefnandi undirritar gjafabréf sitt, né annað, sem leitt gæti til ógildingar þess.

Kröfu stefnanda um ógildingu gjafabréfs hans frá 1. febrúar 1973 er því hafnað.

Um riftunarkröfu stefnanda.

Eins og framan er rakið, byggir stefnandi kröfur sínar um riftun gjafabréfsins aðallega á fjórum málsástæðum, þ. e. að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði stefnanda um fjórðu veiðistöngina, meðferð jarðarinnar Alviðru sé ekki í samræmi við vilja stefnanda og efni gjafabréfsins, óheimil hafi verið skipti á búvélum og landi og ekki hafi verið sett skipulagsskrá fyrir gjöfina. Enn fremur á þeirri málsástæðu, að þar sem stefnandi hafi ekki afhent stefndu Öndverðarnes II, hafi þeir ekki öðlast eignarrétt yfir þeirri jörð og því sé sjálfgert að rifta gjafabréfinu, hvað hana snerti.

Stefndu hafa mótmælt öllum riftunarástæðum stefnanda, talið sig vera lögformlega eigendur beggja jarðanna og sömuleiðis að þeir hafi að öllu leyti staðið við þau skilyrði, sem stefnandi hafi sett fyrir gjöf sinni, og meðferð gjafarinnar hafi verið í fullu samræmi við ákvæði gjafabréfsins.

Þess var að framan getið, að stefnandi hefði lýst fyrir rétti, að sér hefði verið ljóst, að leyfi fyrir fjórðu stönginni fyrir landi Alviðru og Öndverðarness II væri háð samþykki veiðimálanefndar og veiðimálastjóra. Af því leiðir, að honum mátti vera ljóst, að ekki væri á færi stefndu einna að útvega þetta leyfi. Vafalaust er, að það hefur Páli sýslumanni einnig verið ljóst, og verður ekki fallist á, að skoða beri þetta atriði sem skilyrði stefnanda fyrir gjöfinni hliðstætt þeim skilyrðum, sem í gjafabréfinu eru, heldur skilyrt loforð af hálfu Páls sýslumanns um að beita sér fyrir því, að leyfi þetta fengist. Þótt aðiljar málsins kunni að hafa verið sammála um að taka upp í skipulagsskrá fyrir gjöfina ákvæði um þetta, þykir það ekki benda frekar til þess, að um skilyrði fyrir gjöfinni hafi verið að ræða.

Af gögnum málsins má sjá, að stefndu hafa gert tilraunir til þess að útvega leyfið, en í bréfi veiðimálanefndar og veiðimála-

stjóra, dags. 29. nóvember 1973, var þessari beiðni hafnað, en á þeim tíma hafði stefnandi enn ekki látið af búskap í Alviðru. Stefnanda mátti því þá þegar vera ljóst, að tilraunin hafði mistekist í þetta skipti. Frekari tilraunir stefndu til að útvega þetta leyfi hafi hingað til ekki borið árangur, og ekki hefur heldur gengið saman með aðiljum málsins um, að annað kæmi í staðinn.

Eðli og aðdragandi þessa þáttar málsins er með þeim hætti, að talið verður, enda þótt ekki hafi tekist að útvega leyfi fyrir fjórðu stöngina, að ekki sé um að ræða brostna forsendu, sem leitt geti til þess, að rifta beri gjafabréfi stefnanda.

Samkvæmt bókun fundar Alviðrunefndar hinn 13. maí 1974, þegar stefnandi lýsti því yfir, að hann vildi afhenda gjafþegum Alviðru, lýsti hann því jafnframt yfir, að hann vildi, að 5. gr. gjafabréfsins um kaup búvinnuvéla og verkfæra kæmi til framkvæmda. Búvinnuvélarnar og verkfærin væri hann til með að láta gjafþegum í té í skiptum fyrir 3 hektara úr norðausturhorni lands Öndverðarness II, sem og varð. Ekkert hefur komið fram um, að búvélarnar hafi átt að fylgja jörðinni, annað en fullyrðing stefnanda. Samkvæmt framangreindri bókun verður að byggja á því, að stefnandi hafi sjálfur sett fram þessa ósk, enda er því ekki í sjálfu sér mótmælt af hálfu hans. Með tilliti til þess, að stefndu halda því fram, að þeir séu eigendur Öndverðarness II samkvæmt gjafabréfi stefnanda, verður ekki talið, að samningar stefnanda og stefndu um kaup á búvinnuvélum og verkfærum hafi í för með sér brostna forsendu fyrir gjöf stefnanda.

Í 1. tl. gjafabréfsins segir, að landeign þá, sem gefin sé, megi ekki skerða, heldur beri að varðveita hana með landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmið fyrir augum. Búseta og búskapur á landi Alviðru, sem samrýmist þessum sjónarmiðum, sé gefanda geðfelldur og að hans dómi æskilegur, en friða beri Öndverðarneslandið fyrir öllu búfjárhaldi. Samkvæmt þessu ákvæði gjafabréfsins verður að telja, að stefndu hafi verið heimilt og skylt að reyna að haga búsetu í Alviðru með tilliti til þeirra landgræðslu- og náttúruverndarsjónarmiða, sem fram koma í gjafabréfinu, og gæta þeirra að öðru leyti.

Það er umdeilt í málinu, hvort nefndarmenn í Alviðrunefnd stóðu allir að ráðningu Helga Þórarinssonar til búsetu í Alviðru. Þó stefnandi kunni að hafa verið á móti því, að Helga yrði fengin búsetan, þykir ákvörðunin samt sem áður ekki hafa verið ranglega tekin, þar sem um er að ræða þriggja manna nefnd, sem stjórna skyldi eignum þeim, sem voru gefnar. Þótt ekki væri í

upphafi búsetu Helga Þórarinssonar gerður við hann skriflegur leigusamningur, þykir það ekki skipta máli um niðurstöðu í þessu dómsmáli.

Fallast verður á með stefnanda, að búrekstur Helga Þórarinssonar, eins og hann varð í raun, hafi ekki verið í samræmi við ákvæði gjafabréfsins. Þó verður ekki séð, að jörðin eða hús á henni hafi beðið beint tjón af búsetu Helga Þórarinssonar, sem máli skiptir, en ekki ber að draga í efa, að búseta hans hafi verið stefnanda til skapraunar og vafalaust stefndu einnig. En þess verður að gæta, að erfitt var fyrir stefndu að sjá fyrirfram, hverjir búskaparhættir Helga Þórarinssonar yrðu, og þegar hann fékkst ekki til að láta af búskap á jörðinni samkvæmt beiðni stefndu, hófust þeir handa um að binda enda á búsetu hans með fógetavaldi, sem og varð. Framkvæmdir á Alviðru, sem lúta landvernd og landgræðslu, verður að telja heimilar samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins. Því þykir ekki, að meðferð stefndu á jörðinni, þótt illa hafi tekist til með búsetu Helga Þórarinssonar, sé með þeim hætti, að um brostna forsendu fyrir gjafagerningnum sé að ræða.

Stefndu halda því fram, að þeim sé ekkert að vanbúnaði að setja skipulagsskrá fyrir eignirnar, jafnskjótt og stefnandi hafi ákveðið, hvernig hans sæti í Alviðrunefnd skuli skipað, eftir að hann lætur af því. Stefnandi telur hins vegar, að stefndu hafi ekki viljað setja þessa skipulagsskrá. Telja verður eðlilegt, að í skipulagsskránni sé ákveðið, hvernig sæti stefnanda í Alviðrunefnd skuli skipað, og enn fremur að stefnandi taki ákvörðun þar um, enda mun ráð fyrir því gert af aðiljum málsins. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á, að hann hafi gert stefndu grein fyrir því, hvernig hann vilji haga þessu atriði, og verður því þegar af þeim sökum að hafna þessari málsástæðu stefnanda.

Játað er af hálfu stefndu, að Öndverðarnes II hafi enn ekki verið afhent þeim, og er þessa sérstaklega getið í fundargerð frá fundi Alviðrunefndar hinn 13. maí 1974. Í gjafabréfi stefnanda er í 2. og 3. tl. fjallað um afhendingu jarðanna. Í 2. tl. er að finna áskilnað stefnanda um afnotarétt af eignum endurgjaldslaust um óákveðinn tíma og rétt til búsetu í Alviðru ásamt nauðsynlegum afnotum af íbúðarhúsinu að eigin mati, enda þótt um afhendingu eignanna að öðru leyti kynni að vera að ræða. Í 3. tl. segir hins vegar svo: „Ef ég kynni að flytja burt frá Alviðru, taka viðtakendur við öllum eignunum, en jafnframt áskil ég mér allan arð af veiðiréttindum jarðanna til æviloka.“ Samkvæmt 3. tl. er urn að ræða ákveðinn atburð, sem markar þann tíma, er gjafþegar eiga

að fá gjöfina afhenta til yfirráða. Sá atburður gerðist, er stefnandi flyst frá Alviðru. Enda þótt stefnandi hafi þá ekki afhent Öndverðarnes II stefndu til yfirráða, þykir verða að líta svo á, að brottflutningur hans af jörðinni hafi skapað stefndu rétt, sem þeir geti rekið til þess að fá Öndverðarnes II afhent. Verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að hann eigi rétt til þess að rifta gjafabréfinu, hvað snertir Öndverðarnes II.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður krafa stefnanda um riftun gjafabréfsins eigi tekin til greina. Niðurstaðan verður því sú, að stefndu skulu vera sýknir af kröfum stefnanda í þessu máli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Stefndu hafa krafist ómerkingar á eftirtöldum ummælum, sem viðhöfð eru í greinargerð og aðiljaskýrslu stefnanda: „En engar efndir hafa orðið og vísast, að það hafi ekki verið ætlunin, því sýslufundur var daginn eftir og meðan þetta sjónarspil hafi verið í þeim tilgangi, að sýslumaður slyppi frá sýslunefndarmönnum, sem vísast hefðu viljað fá skýringar á þessu máli.“ „Ekki spurði hann (þ. e. Páll Hallgrímsson) hverju átti að svara, hann var því sami Landverndarþjónninn og fyrr og síst sér til sóma.“ „Af öllu því, sem fram hefur komið frá fyrstu tíð og til þessa dags, þá kemur það helst í ljós, að þarna sé um jafnvel fámenna klíku að ræða, sem Páll Hallgrímsson gerist forystumaður fyrir, og þá helst í sambandi við veiðina, hann geti notað sér þá aðstöðu jafnvel að hafa þarna fría veiði fyrir sig og sína félaga úr Landvernd. Um Árnesinga hugsar hann ekki neitt, nema að ná frá þeim peningum handa Hauk til ráðstöfunar. Páll hefur því gerst klíkuforingi nokkurra manna í auðgunarskyni fyrir sjálfan sig og vini sína á kostnað annarra.“ Ummæli þessi þykja óviðurkvæmileg, og ber því að dæma þau dauð og ómerk.

Stefndu hafa og krafist ómerkingar eftirfarandi ummæla, sem viðhöfð eru í greinargerð stefnanda: „Stefnandi heldur því fram, að Páll Hallgrímsson, sýslumaður, hafi með óheildarlegum hætti fengið sig til að gefa margnefndar jarðir.“ „Vöktu stefndu með þessu rangar hugmyndir hjá stefnanda, hugmyndir sem áttu verulegan þátt í því, að hann lét tilleiðast að samþykkja beiðni sýslumanns.“

Framangreind ummæli eru viðhöfð beint til rökstuðnings málsástæðum stefnanda. Af þeim sökum þykir ekki tækt að ómerkja þau.

Stefndu hafa fengið gjafvarnarleyfi í þessu máli. Gjafvarnar-

laun, sem ákveðast kr. 700.000, greiðast úr ríkissjóði og renna óskipt til skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans, þar sem stefndu hafa ekki gert grein fyrir því, að þeir hafi þurft að leggja út fé vegna reksturs málsins.

Dóm þennan kvað upp Friðgeir Björnsson setudómari.

Dómsorð:

Stefndu, sýslunefnd Árnassýslu f. h. sýslufélagsins og Landvernd, landgræðslu- og náttúruverndarsamtök Íslands, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Magnúsar Jóhannessonar, í máli þessu.

Framangreind ummæli eru dæmd dauð og ómerk.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafvarnarlaun stefndu, kr. 700.000, greiðist úr ríkissjóði og renna óskipt til skipaðs talsmanns stefndu, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmans.

Þriðjudaginn 27. apríl 1982.

Nr. 78/1982. Ólafur Jónsson
 gegn
 Sigurbirni Eiríkssyni.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Magnús Thoroddsen og Magnús P. Torfason.

Sóknaraðili hefur með kæru, er hann lýsti á dómþingi aukadómþings Ragnárvallasýslu 24. mars 1982, kært úrskurð, sem kveðinn hafði verið upp á sama þingi um frest til gagnaöflunar í aukadómþingsmáli nr. 6/1981. Er kærán byggð á heimild í j lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Gögn málsins bárust Hæstarétti 30. mars. Af hálfu sóknaraðilja hefur Hæstarétti verið send greinargerð, sem barst dómnum 14. apríl. Segir þar, að þess sé krafist „að gagnaöfnun sé lýst lokið ... og stefnda synjað um frekari frest til gagnaöflunar“. Þá er krafist kærumálkostnaðar.